



Stigahæstu keppendur í hverjum flokki. Vigdís Anna í ungmennaflokki, Anna Sigríður í unglingaflokki og Eva Dögg í barnaflokki. Mynd: Aðsend.

Vigdís Anna, Anna Sigríður og Eva Dögg unnu Æsku Suðurlands

Lokamót mótaraðarinnar Æska Suðurlands fór fram á Brávöllum á Selfossi síðastliðinn sunnudag þar sem keppt var í tölti í öllum flokkum. Með því lauk stigakeppni vetrarins og urðu þær Eva Dögg Maagard Ólafsdóttir, Anna Sigríður Erlendsdóttir og Vigdís Anna Hjaltadóttir sigurvegarar í sínum flokkum.

Í mótariðinni í vetur var keppt í barna, unglinga og ungmennaflokka og boðið upp á polla-

flokk á öllum mótum. Keppt var í þriggung, fjórgung, fimmgung, tölti, Smala, Hindrunarstökki og Mjólkurtölti. Alls voru 45 keppendur skráðir í vetur sem tóku þátt í stigakeppninni.

Æska Suðurlands er haldin í samstarfi hestamannafélaganna Geysis, Jökuls, Sleipnis, Ljúfs og Háfeta. Um er að ræða stigakeppni þar sem knapar safna stigum á þremur bestu greinum sínum af alls sex yfir mótariðina.

Í barnaflokki stóð Eva Dögg Maagard Ólafsdóttir úr Geysi uppi sem sigurvegari með 32 stig. Í unglingaflokki sigraði Anna Sigríður Erlendsdóttir úr Geysi með fullt hús stiga, 36 talsins, og í ungmennaflokki varð Vigdís Anna Hjaltadóttir úr Sleipni efst með 36 stig.

Nánari úrslit úr einstökum greinum má nálgast í Horseday-appinu og á Facebook-síðu Æsku Suðurlands.



Mynd: Kjartan Björnsson.

Fyrstu vindmylluhlutar fyrir Vaðölduver komnir til landsins


Fyrstu hlutar vindmylla fyrir Vaðölduver eru nú komnir til landsins eftir að flutningaskip lagðist að bryggju í Þorlákshöfn nú á dögunum.

Um er að ræða mikilvægan áfanga í uppbyggingu fyrsta vindorkuvers Íslands. Skipið flutti meðal annars stórar einingar sem samsvara um einni og hálfri vindmyllu, þar á meðal allt að 68 metra löng vindmyllublöð.

Vindmyllurnar eru ætlaðar fyrir Vaðölduver á hálendi landsins, þar sem áætlað er að reisa alls 28 vindmyllur

á næstu árum. Verkefnið er í umsjón Landsvirkjunar og koma vindmyllurnar frá þýska vindmylluframleiðandanum Enercon. Þetta markar upphaf vindorkuframleiðslu í stórum stíl hér á landi.

Flutningar á búnaðinum frá Þorlákshöfn upp að virkjunarsvæðinu munu hefjast á næstu vikum og standa yfir í allt að tvo mánuði. Um er að ræða einhverja umfangsmestu þungaflytinga sem ráðist hefur verið í á Íslandi og fara þeir að mestu fram á nóttunni til að lágmarka áhrif á umferð.



Leiðin frá Þorlákshöfn að Vaðölduveri Mynd: Landsvirkjun.

Framúrskarandi fyrirtæki 2020-2025

Við óskum Sunnlendingum öllum gleðilegs sumars

PIPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir

TR

Gagnheiði 26, Selfoss ■ 480 3300 ■ www.tr.is

Óskatak ehf

MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRI ÓSKAST

Óskatak auglýsir eftir að ráða meiraprófsbílstjóra í malarflutning.

Hafðu samband við Óskatak ehf netfang oskatak@oskatak.is eða s. 662 8020.

1. maí kaffi á Eyrarbakka

Árleg kaffisala
Kvenfélagsins á Eyrarbakka
verður í samkomuhúsinu
Stað föstudaginn
1. maí klukkan 15–17.
Posi á staðnum.
Fjölmennið og styrkið
gott málefni.

Nefndin



Öflug íþróttastefna fyrir öflugt samfélag



Guðmundur Benóný
Baldvinsson

4. sæti S-listans
í Hveragerði

KOSNINGAR 2026



Maria Araceli

3. sæti S-listans
í Hveragerði

KOSNINGAR 2026



Þorsteinn Hjartarson

2. sæti S-listans í Hveragerði

KOSNINGAR 2026

í því að byggja upp traust og öflugt samstarf við íþróttahreyfinguna. Við ætlum að vinna náið með félögum á borð við Íþróttafélagið Hamar, Hestamannafélagið Ljúf, Félag eldri borgara og Golfklúbb Hveragerðis og tryggja að rödd þeirra heyrst við ákvarðanatöku. Jafnframt munum við styrkja tengsl íþróttanna við skóla, velferðar- og heilbrigðisþjónustu svo allir vinni saman að því markmiði að tryggja betri lífsgæði íbúa. Við leggjum áherslu á fjölbreytt íþróttarframboð. Allir eiga að finna sér farveg — hvort sem það er í keppni, hreyfingu sér til heilsuþótar eða útivist. Þátttaka í íþróttum á vera réttur allra.

Börnin í fyrsta sæti – forvarnir sem virka

Börn og ungmenni eru í forgangi. Íþróttir eiga að vera öruggt rými þar sem þau fá að vaxa, mynda tengsl og byggja upp sjálfstraust. Við ætlum að tryggja að öll börn, óháð uppruna eða aðstæðum, hafi raunveruleg tækifæri til þátttöku. Íþróttafélög eru lykilaðilar í forvörnum og þess vegna viljum við efla hlutverk þeirra innan velferðarkerfisins. Þjálfarar ættu til að mynda að fá markvissa fræðslu um farsæld barna, samskipti og áhættuhegðun. Þannig nýtum við íþróttir kerfisbundið til að byggja upp heilbrigða, sterka og samheldna kynslóð.

Í Hveragerði eiga íþróttir að vera forgangsmál. Þær eru ekki munaður heldur nauðsyn — lykill að betri lýðheilsu, sterkari félagslegum tengslum og öflugra samfélagi. Fjárfesting í íþróttum er fjárfesting í fólkinu okkar og skilar sér margfalt til baka. Undanfarin ár hafa einkennst af ágreiningi um uppbyggingu íþróttamannvirkja í Hveragerði. Slíkt getur tafið framfarir og dregið úr krafti íþróttastarfsins. Nú er tími til að snúa vörn í sókn. Við þurfum skýra sýn, markvissar ákvarðanir og raunverulegt samstarf — ekki fleiri deilur.

S-listinn vill taka forystu

Sameiginlegt yfirlit yfir íþróttar- og tómstundastarf

Upplýsingar um allt sem er í boði eiga að vera skýrar og aðgengilegar. Því þarf alltaf að huga vel að kynningu á íþróttastarfi með það að markmiði að allir geti auðveldlega séð hvað er í boði hverju sinni. Þátttaka eykst oftast þegar upplýsingar eru sýnilegar og einfaldar. Í dag er engin heildaryfirsýn í Hveragerði sem er bagalegt. Mörg bæjarfélög, m.a. Akureyri og Hafnarfjörður, eru einmitt með sameiginlegt yfirlit yfir íþróttar- og tómstundastarf þar sem samvinna sveitarfélags og félaga er mjög sýnileg. Það gerir til að mynda nýjum íbúum sérstaklega auðvelt að sjá hvað er í boði og hvernig skráningum er háttað.

Skýr stefna – raunverulegur árangur

Framtíð íþróttamála í Hveragerði snýst um aðgerðir, ekki orð. S-listinn ætlar að:

- flýta uppbyggingu íþróttamannvirkja
- efla samstarf bæjaryfirvalda og íþróttafélaga
- efla kynningarstarf og tryggja jöfn tækifæri til þátttöku
- og setja heilsu og vellíðan íbúa í forgang

Þannig byggjum við upp sterkara samfélag — samfélag þar sem íþróttir eru ekki aukaatriði, heldur hornsteinn góðra lífsgæða.

Náttúruleg

Útihúsgögn.is

Úti allt árið
ALVÖRU TRÉHÚSGÖGN
HANDSMÍÐUÐ GÆÐAVARA

Borðbekkir

Garðbekkir

Borðsett 4 – 12 manna

Hringborð

Heimili og sumarhús
Bæjarfélög og opin svæði
Fyrirtæki og hótél

info@utihusgogn.is

SKOÐADU ÚRVALIÐ

Við prentum ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is



Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

SENDUM
HVERT Á LAND
SEM ER

Lottóvinningur meirihlutans í Árborg



Sigurjón Víðalín
Guðmundsson

Oddviti Samfylkingarinnar
og óháðra í Árborg

KOSNINGAR 2026

langt umfram þörf, flokkist undir fjármálanilld.

Hæri gjöld og tekjur

Það er mikilvægt að rýna í stöðu og rekstur síðustu ára til að greina rétt frá röngu. Við skoðun á rekstrarhluta ársreikningsins kemur eftir farandi í ljós:

- Rekstrargjöld voru áætluð rúmar 18.269 milljónir en enduðu í rúmunum 18.841 milljón, munurinn er því 572 milljónir hærra rekstrargjöld en gert var ráð fyrir.

- Rekstrartekjurnar voru áætlaðar rúmar 21.084 milljónir en enduðu í tæpum 22.818 milljónum, munurinn er 1.734 milljónir hærra rekstrartekjur en gert var ráð fyrir.

Þessi mikla tekjuaukning skýrist að mestu af eftirtöldum þáttum:

Um 500 milljónir hærra skatttekjur en gert var ráð fyrir.

Um 500 milljónir hærra framlag frá Jöfnunarsjóðnum.

Um 600 milljónir vegna SIS mats og er greitt úr Jöfnunarsjóðnum.

Þetta gera samtals um 1.600 milljónir og það er því ljóst að rekstrarbatinn sem varð á árinu 2025 er annars vegar tilkominn vegna hærra skatta og hins vegar vegna þess að sveitarfélagið vann í „Jöfnunarsjóðslottóinu“

rúmlega 1.000 milljónir sem eru mjög gleðilegar fréttir fyrir okkur íbúa Árborgar.

Heppni og hærra skattar

Af ofangreindu má því sjá að það er hálf sérkennilegt af meirihluta bæjarstjórnar að berja sér á brjóst og halda því blákalt fram að mikill „rekstrarviðsnúningur“ hafi orðið árið 2025 þegar það er öllum ljóst sem vilja sjá það að „lottóvinningurinn“ og hærra skatttekjur skýra að langmestu leyti betri rekstrarniðurstöðu sveitarfélagsins Árborgar 2025.

Við blasir að gera þarf að gera miklu betur í rekstri sveitarfélagsins því ekki er hægt að stóla á lottóvinninga né halda úti því stigi í skattheimtu sem gert er nú. Það er ósanngjarnt, bitnar harkalega á ungu og efnamanna fólki og fælir bæði fólk og fyrirtæki frá því að setja sig niður í sveitarfélaginu.

Verkefni næsta kjörtímabils verður að lækka skattheimtu á íbúa og fyrirtæki. Ráðast verður í gagngerar breytingar á rekstrinum með það að leiðarljósi að lækka rekstrargjöld. Í því samhengi þarf til dæmis að horfa til tækifæra sem felast í innleiðingu stafræna innviða. Það viljum við gera og þangað ætlum við fyrir alla íbúa Árborgar.

Bæjarfulltrúar meirihluta B- og A-listans í Svf. Árborg fara mikinn eftir að ársreikningur sveitarfélagsins fyrir 2025 var lagður fram til fyrri umræðu á bæjarstjórnarfundum sl. miðvikudag. Af orðræðunni að dæma mætti halda að meiriháttar viðsnúningar hafi orðið á rekstri sveitarfélagsins, sem helst megi þakka hversu vel heppnaðar þær fjárhagslegu aðgerðir eru sem meirihlutinn hefur ráðist í á kjörtímabilinu, enda skili reksturinn 1500 milljónum í rekstrarhagnað.

Þegar rýnt er í tölurnar kemur hins vegar berlega í ljós að hvorki er um að ræða snilld né kraftaverk í rekstri sveitarfélagsins. Ekki nema að ef vera skyldi að met í skattheimtu,

AÐALSKOÐUN

Fornbíla, ferðabíla, ferðavagna,
bifhjól og ökutæki sem bera
einkamerki með bókstaf sem
endastaf skal færa til skoðunar
í maí!

“Ökutæki skal fært til reglubundinnar skoðunar í síðasta lagi fyrir lok annars mánaðar eftir að lögbundnum skoðunarmánuði lýkur”



Störf í boði í Hrunamannahreppi

Þar sem menning og mannlíf blómstrar
(og veðrið er alltaf aðeins betra)



Langar þig að starfa í öflugu og vaxandi samfélagi í Árnassýslu?

Hrunamannahreppur auglýsir laus til umsóknar fjölbreytt og spennandi störf. Við leitum að öflugu, jákvæðu og metnaðarfullu starfsfólki sem vill taka þátt í að byggja upp skemmtilegt og gott samfélag með góðum hópi starfsmanna.

Laus störf á Flúðum

Leikskólinn Undraland óskar eftir leikskólakennurum í fullt starf

Leitað er að leikskólakennurum sem vilja taka þátt í skapandi og uppbyggilegu starfi með börnum þar sem rækt er lögð við útinám og umhverfismennt og áhersla á virðingu fyrir börnum og að komið sé til móts við ólíkar þarfir þeirra. Skóladagatal er samræmt skóladagatali Flúðaskóla sem vakið hefur athygli.

Fáist ekki fagmenntaðir einstaklingar til starfa verða leiðbeinendur ráðnir tímabundið.

Vakin er athygli á að stuðningur til náms í uppeldis og/eða kennslufræðum er í boði.

Nánari upplýsingar veitir Jóna Björg Jónsdóttir leikskólastjóri, í síma 480-6620, 898-3077, jona@undraland.is

Flúðaskóli leitar að umsjónarkennara á yngsta- og miðstigi og íþróttakennara

Leitað er að einstaklingum með kennsluréttindi í grunnskóla sem eru metnaðarfullir, góðir í mannlegum samskiptum, eru sveigjanlegir og sjálfstæðir í vinnubrögðum og tilbúnir að leita nýrra leiða í skólastarfi. Góð íslenskukunnátta er nauðsynleg.

Í skólanum eru um 100 nemendur. Gildi skólans er virðing - vitneskja. Lögð er áhersla á að skapa námsumhverfi þar sem allir eru virkir, öllum líði vel og allir læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu.

Nánari upplýsingar veitir Jóhanna Lilja Arnardóttir, skólastjóri, í síma 696 6877, johannalilja@fludaskoli.is

Nánari upplýsingar

Endilega kynnið ykkur tækifærin sem felast í búsetu í Hrunamannahreppi og verið með okkur í því að byggja upp framsækid sveitarfélag í friðsælu umhverfi. Vakin er athygli á því að fagmenntuðum einstaklingum stendur til boða húsnæði á Flúðum.

Nánari upplýsingar um störfin, hæfniskröfur og umsóknarfrest er að finna á heimasíðu Hrunamannahrepps www.fludir.is og hjá viðkomandi forstöðumanni.

Umsóknir ásamt ferilsskrá skulu sendar viðkomandi forstöðumanni í síðasta lagi sunnudaginn 10. maí 2026.

Við hvetjum áhugasama einstaklinga til að sækja um og verða hluti af öflugu samfélagi á Flúðum.

Í Hrunamannahreppi er fjölbreytt og gott mannlíf þar sem tækifærin eru fjölmörg fyrir áhugasama og duglega einstaklinga. Í sveitarfélaginu búa tæplega 1.000 manns og þar af eru um 500 á Flúðum. Á Flúðum er grunn-, leik- og tónlistarskóli, heilsugæsla, lyfsala, íþróttahús, bókasafn og menningarmiðstöð, sundlaugar, sjúkráþjálfun, líkamsrækt, björgunarmiðstöð, verslanir, veitingahús og fjölbreytt þjónusta og afþreying og áfram mætti telja. Hrunamannahreppur sameinar með skemmtilegum hætti hið hefðbundna líf til sveita og anda þéttbýlis sem gefur sveitarfélaginu bæði líf og lit.

Samgöngur í allar áttir eru góðar, helstu náttúruverur landsins eru innan seilingar og svo segja margir að veðrið sé alltaf aðeins betra í Hrunamannahreppi – það er góður kostur!

Frekari upplýsingar um sveitarfélagið má finna á www.fludir.is



Gervigreind styður við myndgreiningu og bráðþjónustu hjá HSU

HSU vinnur nú að innleiðingu nýrrar gervigreindarlausnar til stuðnings við vakthafandi lækna. Markmið verkefnisins er að efla ákvörðunartöku lækna og bæta þjónustu við sjúklinga, sérstaklega þegar röntgensérfræðingar eru ekki til staðar.

Verkefnið er tilraunaverkefni sem unnið er í samstarfi við fyrirtækið Gleamer og felur í sér notkun gervigreindar til aðstoðar við úrlestur röntgenmynda. Lausnin veitir tafarlaugar niðurstöður sem get stutt lækna á bráðamóttöku við meðferðarákvarðanir og umönnun sjúklinga.

Árangur verkefnisins verður síðan metinn með því að bera niðurstöðum gervigreindar saman við úrlestur röntgensérfræðinga, kanna upplifun heilbrigðisstarfsfólks af notkun tækninnar ásamt því að mæla afkastagetu og skilvirkni lausnanna.



Mynd: HSU.

sérstaklega utan hefðbundins vinnutíma.

Tækifæri til framtíðar

Gervigreind í myndgreiningu er hluti af hraðri tækniþróun sem opnar ný tækifæri fyrir heilbrigðisþjónustu, sérstaklega á landsbyggðinni. Með aukinni nákvæmni, hraða og sjálfvirkni getur tæknin aukið aðgengi að sérfræðiþjónustu, dregið úr álagi á röntgensérfræðingum og bætt þjónustu og öryggi sjúklinga.

„Þessi lausn skiptir sérstaklega miklu máli fyrir heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni þar sem oft er skortur á sérfræðiþjónustu utan dagvinnutíma. Með þessu móti tryggjum við aðgengi að sérfræðiþekkingu sem hjálpar okkur að veita

mikilvæga þjónustu óháð staðsetningu. Þetta er jafnframt skýrt dæmi um hvernig ný tækni getur haft raunveruleg áhrif á daglega þjónustu við sjúklinga og stutt við fagfólk í krefjandi aðstæðum,“ segir Dána Óskarsdóttir forstjóri HSU.

Gervigreind er ekki ætlað að koma í stað sérfræðinga heldur styðja við þá. Samspil gervigreindar og sérfræðiþekkingar mun gegna lykilhlutverki í framtíðarlausnum þar sem markmiðið er að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu fyrir sjúklinga.

HSU stendur því á tímamótum í nýtingu tækninnar, þar sem nýjar lausnir í myndgreiningu geta haft veruleg áhrif á gæði og aðgengi að heilbrigðisþjónustu til framtíðar. *HSU*

Skjótari svör og auknið öryggi

Úrlestur myndgreiningar getur verið áskorun á vöktum, sérstaklega á landsbyggðinni, þar sem aðgengi að röntgensérfræðingum er takmarkað. Með tilkomu gervigreindarúrlestrar er hægt að stytta biðtíma og tryggja hraðari svör, sem skiptir sköpum í bráðþjónustu.

Rannsóknir hafa sýnt að gervigreindarlausnir í myndgreiningu geta greint bráðatilfelli með mikilli næmni og nákvæmni. Þrátt fyrir það halda röntgensérfræðingar áfram að lesa úr öllum myndum, en gervigreindin nýtist sem viðbótarstuðningur fyrir lækna,

malla í smá stund. Þá bætið þið rjóma, niðurskornum sólþurrkuðum tómötum, spinati, rifna piparostinum á og hrærið saman þar til osturinn er um það bil bráðnaður.

Blandið kjúklingabitunum svo saman við. Látið malla í 10-15 mínútur eða á meðan sósan þykknar aðeins. Smakkið til með því að salta og pipra.

Takið svo pönnuna af hitanum, rífið sítrónubörk og stráðið yfir, kreistið sítrónusafa yfir og blandið saman. Endið á að setja smá ferska basilíku yfir.

Tillaga að meðlæti:

Mjög gott að hafa pasta, hvítlauksbrauð og fersk salat með.

Hér er svo uppskrift af allt of góðu nammi, ef maður fær sér bita er varla hægt að hætta.

Dumlegott

- 360 g dumle karamellur
- 130 g smjör
- 200 g fylltar lakkrisreimar
- 100 g kornflex, mulið
- 200 g rjómasúkkulaði
- 200 g suðusúkkulaði

Bræðið karamellur og smjör saman í potti, klippið lakkrisinn niður, myljið kornflexið og bætið í pottinn. Setjið smjörpappír í form og hellið karmellublöndunni í, þjappið niður. Setjið súkkulaðiþlötur ofan á og lokið, þegar súkkulaðið er bráðnað dreifið þá úr því yfir allt og kælið eða frystið. Skera svo í bita og njóta.

Verði ykkur að góðu.



Kjúklingaréttur og dumlegott

Hildigunnur Kristinsdóttir er sunnlenski matgæðingur vikunnar.

Takk elsku Linda mín fyrir áskorunina og þessi fallegu orð. Ætli ég skelli ekki fram einni af minni uppáhalds uppskrift þessa dagana. Upphaflega uppskriftin heitir Marry me chicken en ég er að sjálf-sögðu búin að breyta henni og aðlaga að mér. Ég er slumpari og dassari mikill, en kys að kalla það að smakka til, svo endilega breytið eða smakkið að ykkar matarsmekk.

Set svo með hættulega gott nammi, dumlegott.

Kjúklingaréttur

- 3-4 kjúklingabringur
- 3 skarlottulaukar
- 3 hvítlauksrif
- 3 dl kjúklingasoð (vatn og kjúklingateningur)
- ½ l rjómi
- ½ krukka sólþurrkaðir tómatar
- ½ krukka rautt pestó
- 1 piparostur, rifinn niður
- 2 lúkur spinat
- Fersk basilíka, eftir smekk
- 1 sítróna
- Olía, smjör, salt og pipar

Byrjið á að hita olíu og smjör á pönnu, skerið kjúklingabringurnar í bita, saltið og piprið þær og steikið á pönnunni. Þegar kjúklingurinn er tilbúinn, þá takið þið hann til hliðar.

Skerið lauk og hvítlauk smátt og steikið á pönnunni, gott að setja smá meira smjör með. Hellið svo kjúklingasoðinu á pönnuna og látið þetta

Ég skora á Stínu mína, Kristínu Sveinsdóttur, til að koma með einhverja geggjaða uppskrift fyrir okkur næst en hún hefur bjargað mér oftar en einu sinni þegar ég held veislur og það er alltaf hægt að stóla á hana.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Skemmdarverk á bifreið við Álalæk á Selfossi

Skemmdarverk voru unnin á bifreið sem stóð við Álalæk 15 á Selfossi helgina 10.-11. apríl. Samkvæmt upplýsingum frá vettvangi voru öll fjögur dekkin á bifreiðinni sprungin og virðist sem svo að dekkin hafi verið skemmd með beittum hlut. Skammt frá bílnum fannst skrúfbolti sem talið er að hafi verið notaður til að stinga eða skrúfa göt á dekkinn.

Vitni greina frá því að hafa séð 5-6 unglingspíla á svæðinu helgina 10.-11. apríl. Þeir voru sagðir hafa komið úr hverfinu, farið inn á bilastæðið og þaðan yfir á Eyrarveg.

Málið er til skoðunar og eru þeir sem kunna að hafa upplýsingar um atvikið eru hvattir til að hafa samband við lögreglu.



Gáta vikunnar

Í rigningu er þarfþing, þetta skal í bíla hanna. Í bakstri snör hún snýst í hring, snyrtir andlit flestra manna.



- Svar við gátu í blaði 2849: **KORT**
- Póstkort - 2. Greiðslukort
 - Landakort - 4. Karlmannsnafnið Kort



Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentínsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Blaðamaður: Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir, sími 482 1944, saebjorg@dfs.is.
Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

Prentun: Prentmet Oddi
ISSN 1670-407X Svansvottuð prentsmíða



Samfylkingin og
óháðir í Árborg



Árborg alla ævi

- Setja þak á leikskólagjöld, veita 100% systkinaafslátt, tryggja aðgang frá 1 árs aldri.
- Hefja undirbúning að uppbyggingu skólahúss á Eyrarbakka.
- Bæta þjónustu almenningssamgangna, skóla- og frístundaaksturs og fjölga strætóskýlum
- Fjárhagslegir hvatar til að laða að fyrirtæki og stofnanir.
- Tryggja að íbúar af erlendum uppruna fái viðeigandi stuðning til að aðlagast samfélaginu.
- Nýta velferðartækni til að bæta þjónustu við eldra fólk og öryggi í heimahúsum.
- Lækka fasteignagjöld og álögur á íbúa og fyrirtæki í áföngum á kjörtímabilinu.

Kynntu þér stefnuskrána okkar
xs.is/arborg

Kosningaskrifstofa;
Eyravegi 23, Selfossi

STARF

Stöðvarstjóri Þjósársvæðis

Framtíðarsýn okkar er sjálfbær heimur, knúinn endurnýjanlegri orku. Á Þjósársvæði rekum við sjö vatnsaflsstöðvar sem nýta vatn til raforkuvinnslu og við leitum að öflugum og framsýnum leiðtoga með brennandi áhuga á orkumálum.

Stöðvarstjóri ber ábyrgð á rekstri, viðhaldi og öryggis- og umhverfismálum aflstöðvanna á Þjósársvæðinu. Starfið krefst faglegrar og persónulegrar forystu, stuðnings við öflugt teymi starfsfólks og stjórnun daglegs rekstrar. Stöðvarstjóri fylgist með framvindu og kostnaði verkefna og mótar jákvæðan og heilbrigðan starfsanda og er hluti af framsæknu teymi stjórnenda. Í starfinu felst að leiða metnaðarfullt starfsfólk með sjálfbærni, öryggi og vellíðan að leiðarljósi.

Helstu verkefni:

- Að stýra daglegum rekstri aflstöðva á Þjósársvæði með framtíðarsýn Landsvirkjunar að leiðarljósi
- Að bera ábyrgð á eftirliti og viðhaldi orkumannvirkja
- Að leiða og efla mannaud aflstöðvanna og styðja við þróun þekkingar og hæfni starfsfólks
- Að vinna náð með helstu haghöfum og tryggja gott samstarf og sátt við nærumhverfið
- Að bera ábyrgð á ferlum, fjármunum og eignum í samræmi við gildi fyrirtækisins

Menntun og reynsla:

- Menntun sem nýtist í starfi, s.s. á sviði rafmagns eða véla
- Leiðtogahæfni, reynsla af stjórnun og uppbyggingu teyma
- Reynsla af rekstri og viðhaldsstjórnun, öryggis- og gæðamálum, færni í notkun upplýsingatækni
- Frumkvæði og jákvæðni, framúrskarandi samskipta- og skipulagshæfni
- Gott vald á íslensku og ensku, í ræðu og riti

Umsóknarfrestur er til og með 11. maí

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar: landsvirkjun.is/storf



Útboð

Bláskógabyggð óskar eftir tilboðum í verkið:

Laugarvatn: Traustatún - Herutún

Verklok eru 15.10.2026

Verkið felur í sér gerð hluta af nýrri götu Traustatúni og Herutún á Laugarvatni, Bláskógabyggð.

Verktaki skal jarðvegsskipta götustæðum samkvæmt kennisniðum og leggja styrktarlag. Verktaki skal einnig leggja fráveitu, vatnsveitu, hitaveitu, reisa ljósastaura, leggja ljósastaurastreng og ýmist leggja eða aðstoða við lagningu annara veitulagna.

Helstu magntölur eru:

Gröftur	2.600 m ³
Styrktarlag og fylling í lagnaskurði.	3.500 m ³
Fráveitulagnir.	740 m
Vatnsveitulagnir	350 m
Ljósastaurar.	9 stk
Hitaveitulagnir	340 m

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með mánudeginum 4. maí 2026. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Kristófer hjá Bláskógabyggð með því að senda tölvupóst á netfangið kristofer@blaskogabyggd.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila til skrifstofu Bláskógabyggðar, Reykholti 806 Selfossi, fyrir kl. 11:00 föstudaginn 15. maí og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

F.h. Bláskógabyggðar

Anna Metta setti þrjú HSK-met í hálfmaraþoni

Anna Metta Óskarsdóttir Áur UMF Selfoss átti eftirminnilegan dag í Vormaraþoni Félags maraþonhlaupara sem fram fór í Reykjavík síðastliðinn laugardag þegar hún setti þrjú héraðsmet í hálfmaraþoni.

Anna Metta kom í mark á tímanum 1:57:02 og dugði sá árangur til nýrra HSK-mets í flokkunum 16–17 ára, 18–19 ára og 20–22 ára.

Mesta þætingin var í 16–17 ára flokki þar sem Anna Metta

bætti eldra met um rúmar 55 mínútur, en það hafði staðið óhaggað í 17 ár. Þá bætti hún tíu ára gamalt met í 18–19 ára flokki um rúmar 26 mínútur.

Einnig féll 16 ára gamalt met í 20–22 ára flokki, þar sem Anna Metta bætti besta tíma um rúmar sjö mínútur.

Um er að ræða glæsilegan árangur hjá ungu hlaupakonunni sem skrifaði nafn sitt rækilega í sögu héraðsfrjálsíþróttanna með þessari frammistöðu. *UMFS*

Árborg skilar 1,5 milljarða jákvæðri rekstrarniðurstöðu

Rekstur Sveitarfélagið Árborg styrktist verulega á síðasta ári og skilaði sveitarfélagið einni bestu rekstrarniðurstöðu í fjölda ára. Þetta kemur fram samkvæmt fréttatilkynningu frá Sveitarfélaginu Árborg vegna ársreiknings 2025 sem lagður var fram í bæjarstjórn í vikunni.

Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta sveitarfélagsins var jákvæð um 1.497 milljónir króna en áætlanir höfðu gert ráð fyrir aðeins 67 milljóna króna afgangi. Þá var rekstrarniðurstaða A-hluta jákvæð um 620 milljónir króna þrátt fyrir að gert hefði verið ráð fyrir rúmlega hálfis milljarðs króna halla.

Samkvæmt fréttatilkynningunni má rekja þessa jákvæðu niðurstöðu meðal annars til ábyrgðar fjármálastjórnar, hagræðingaraðgerða síðustu ára, fjölgunar íbúa og aukinna framлага úr Jöfnunarsjóði sveitar-



félaga. Lausafjárstaða sveitarfélagsins hefur jafnframt styrkst, handbært fé jókst um nærri einn milljarð króna milli ára og skuldavæðingin lækkaði niður í 108,8 prósent.

„Niðurstaða ársreikningsins er mjög ánægjuleg og vil ég óska íbúum, starfsmönnum og kjörnum fulltrúum til hamingju með árangurinn. Það er ánægjulegt að erfiðar aðgerðir undanfarin þrjú ár sem hafa verið þungar fyrir okkur íbúa skili ár-

angri á skemmri tíma en áætlað var,“ segir Bragi Bjarnason í tilkynningunni.

Í fréttatilkynningunni kemur einnig fram að íbúafjöldi í Árborg hafi verið 12.671 í ársbyrjun 2026 og hafi fjölgað um 697 á einu ári. Starfsmenn sveitarfélagsins eru um 1.160 talsins í um 860 stöðugildum.

Ársreikningurinn var lagður fram til staðfestingar í bæjarráði þann 22. apríl og vísað til fyrri umræðu í bæjarstjórn sama dag.



NJÁLUSÝNINGAR

NJÁLUPERLUR:

Heim í Rangárþing og á Selfoss:Sýningar verða í Félagsheimilinu **Hvoli Hvolsvelli** **sunnudaginn 10. maí kl 14.00**Miðar seldir við dyr í Hvolnum og á **Sviðinu Selfossi** **sunnudagskvöldið 10. maí kl. 20.00**

Miðar seldir á tix.is

Verð kr. 6.900

Þau Guðni Ágústsson, Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir og Gíssur Páll Gíssurarson hafa flutt Njáluperlur í Salnum í Kópavogi við góðar undirtektir og góða aðsókn. Hér er Brennu-Njálssaga sett í nýjan og spennandi búning og skreytt með óperusöng Gíssurar Páls Gíssurarsonar sem syngur rammíslensk lög og Skarphéðinn í brennunni við undirleik Matthildar Önnu Gísladóttur.

Ungur maður til forystu í Árborg

Alltaf vekur það athygli þegar ungt fólk gengur fram til að þjóna bæ sínum eða héraði. Matthías Bjarnason er einn yngsti leiðtogi sem leiðir lista og býður fram krafta sína fyrir sveitarfélagið og fólkið í Árborg, aðeins 26 ára að verða hinn 9. maí nk. Það skemmtilega er þó það að hann varð yngsti hreppnefndarmaður landsins fyrir átta árum. En átján ára var hann kosinn í hreppnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps í uppeldissveit sinni og ekki minnkaði áhuginn fyrir málefnum fólksins við það. Hér í Árborg hefur hann setið sem varamaður í bæjarstjórn í fjögur ár. Ennfremur hefur hann menntað sig á þessu sviði er útskrifaður með BA-gráðu í opinberri stjórnsýslu. Hann hefur á unum aldri fengist við margt stofnað fyrirtæki í streymisþjónustu og starfar við sjónvarpsút-sendingar. Ef



ertu á framtíðarvegi, sagði skáldið. Hér stendur Matthías við styttna af Agli Thorarensen sem tvítugur flutti að Sigtúnum og varð kaupmaður og síðar kaupfélagsstjóri og frumkvöðull: „Jarlinn af Sigtúnum.”

Matthías er selfyssingur að ætt og uppruna. Honum mun fylgja ný hugsun og vilji til að styrkja sveitarfélagið Árborg og mannlífið. Treystum ungu fólki til ábyrgðar og forystu kjósum Matthías og öflugt framboð XB.

Guðni Ágústsson

Ábyrgðarmörk og vinnufriður þegar pólítík mætir fagmennsku

Í lýðræðislegu samfélagi á hlutverk kjörinna fulltrúa að vera skýrt. Þeir eru talsmenn íbúanna, móta framtíðarsýn sveitarfélagsins og taka stórar ákvarðanir um forgangsröðun fjármuna. Starfsmenn og stjórnendur sveitarfélaga eru hins vegar þeir sérfræðingar sem sjá um að hrinda þessari sýn í framkvæmd á faglegum grunni. Þegar þessir tveir heimur mætast er nauðsynlegt að gagnkvæm virðing ríki fyrir hlutverkaskiptingunni.

Mörk milli stjórn mála og fagstjórnar í sveitarfélögum.

Það segir sig sjálf að kjörnir fulltrúar eiga ekki að anda ofan í hálmál starfsmanna og stjórnenda. Slíkt ástand skapar hvorki traust né skilvirkni. Þvert á móti getur slík hegðun grafið undan starfsöryggi, valdið óþarfa streitu og dregið úr faglegu sjálfstæði þeirra sem eiga að framfylgja lögum og reglum af hlutlægni.

Það er lúmskur en hættulegur munur á pólitískri forystu annars vegar og óeðlilegri afskiptasemi af daglegum rekstri hins vegar. Kjörnir fulltrúar eru kosnir til að móta stefnu og taka stórar ákvarðanir í þágu almennings,

en ekki til að gerast sjálfskipaðir verkstjórnar á gólfinu.

Stjórnsýslulög byggja á þeirri grunnstoð að allir íbúar eigi rétt á sömu þjónustu, óháð tengslum eða stöðu. Ef kjörnir fulltrúar nýta aðgang sinn að starfsfólki til að þrýsta á um sérlausnir í einstökum málum er hætta á að jafnræðisreglan sé brotin.

Fagleg fjarlægð er því ekki aðeins spurning um kurteisi, heldur beinlínis vörn fyrir réttaröryggi íbúanna.

Góð stjórnsýsla byggir á því að hver haldi sig við sitt hlutverk.

Kjörnir fulltrúar eiga að halda um stjórnartaumana og horfa fram á veginn, en treysta fagfólkinu fyrir vélarúminu. Aðeins þannig verður til vinnustaður þar sem fólki líður vel og þjónustan við íbúana verður eins góð og kostur er.

Það er merki um heilbrigða stjórnsýslu að geta tekið fast á málum. Hagsmunir, forsendur og ferlar eiga að þola dagsins ljós. Kjörinn fulltrúi á að vera liðsmaður sem getur rökrætt málefni af festu en sýnir sanngími og virðingu þegar niðurstaða liggur fyrir, jafnvel þótt hann sé henni ósammála.



Andrés Bertelsen
Oddviti Ö-listans í Grímsnes- og Grafningshreppi

KOSNINGAR 2026

Spilin á borðið fyrir Betri sveit

Að lokum snýst þetta um kosti þess að stjórnsýsla sé opin, skilvirk og gagnsæ.

Betri sveit trúir því að sveitarfélagið eigi að vera glerhús, ekki lokaður kassi. Gagnsæi felst ekki aðeins í því að birta fundargerðir á vefnum heldur í því að íbúar skilji hvers vegna ákvarðanir eru teknar, hverjir koma að þeim og hvaða hagsmunir liggja að baki.

Þegar fleiri fá sæti við borðið verða ákvarðanir betri og samfélagið sterkara. Við viljum stjórnsýslu sem svarar af hreinskilni, vinnur eftir skýrum og fyrrsjáanlegum ferlum og lítur á upplýsingagjöf sem sjálfsgöðan hlut ekki eitthvað sem íbúar þurfa að berjast fyrir.

Setjum gagnsæi í fyrsta sæti – fyrir okkur öll.

Lofsöngur



Heiðrún
Kristmundsdóttir
Oddviti Viðreisnar í Árborg

KOSNINGAR 2026

Þið hafið kannski heyrt lofsöng meirihlutans um sjálfan sig sem ómað hefur úr ráðhúsi Árborgar síðustu daga. En ef grannt er hlustað, má heyra falskar nótur.

Síðasta sumar lögðu íbúar Árborgar sinn eigin pening, sparnað og jafnvel lífeyri í að færa sveitarfélaginu 1,5 milljarða í tekjur til að rétta af skuldir. Þetta er ljóst núna þegar fyrir liggur ársreikningur sveitarfélagsins fyrir 2025.

„Nauðsynleg aðgerð“

Við sem hér búum og fylgjumst með vitum að fjárhagsstaða sveitarfélagsins hefur ekki verið góð. Síðasta sumar var lagt álag á útsvar afturvirkir fyrir árið 2024 sem var, og ég vitna í tilkynningu frá meirihlutanum, aðgerð „nauðsynleg til að tryggja rekstrarhag“. Skuldastaðan var jú ein sú hæsta á landsvísu.

Ekki skipti máli hvort einhver var nýfluttur í sveitarfélagið þetta sumar eða hafði búið hér alla sína tíð, það áttu allir íbúar sveitarfélagsins 18 ára og eldri að taka upp veskið og fyrirtæki sömuleiðis.

Gæðaskref

En var þetta nauðsynleg aðgerð til að tryggja rekstrarhag? Þrátt fyrir að hér séu fasteignagjöld í hæstu hæðum var krafan samt á okkur íbúa að borga enn meira til að laga stöðuna. Þetta var fljótleg og skilvirk leið, um það verður ekki deilt, en nauðsynleg var hún ekki.

Í stað þess að leggja álögur á íbúa er hægt er að endurskipuleggja skuldir og taka önnur skref að aukinni gæðastýringu á fjármálum. Þetta eru tímafrekar aðgerðir á kostnað uppbyggingu og innviða. En síðasti kostur hlýtur alltaf að vera að láta íbúa bera uppi sveitarfélagið með auknum gjöldum.

Skuldir Árborgar voru baggi sem íbúar áttu ekki að þurfa að bera. Ábyrgðin lá hjá kjörnum fulltrúum. Arangurinn er allur íbúum sveitarfélagsins að þakka. Syngið það sem víðast.



Hörpukórinn á Selfossi



Vortónleikar Hörpukórsins verða í Selfosskirkju sunnudaginn 3. maí kl. 14:00.

Miðar eru í forsölu hjá kórfélögum á 3.000 kr. og 3.500 kr. við innganginn.

Að vanda fær Hörpukórinn til sín góða gesti sem munu taka þátt í tónleikunum.

Stefán Þorleifsson er stjórnandi kórsins og annast undirleik.

Einnig syngur Hörpukórinn við messu í Selfosskirkju á uppstigningardag.



Sýningar

1. maí föstudagur
2. maí laugardagur
3. maí sunnudagur - Lokasýning

Sýningar hefjast klukkan 14:00 í Íþróttaleikhúsi Sólheima

Miðaverð

- 4.000.- fyrir fullorðna
- 2.000.- fyrir börn 6-12 ára, ókeypis fyrir börn 0-6 ára
- 3.000.- fyrir hreyfihamlaða, ókeypis fyrir fylgdarmann
- 3.000.- fyrir eldri borgara

Leikfélag Sólheima símanúmer 847-5323

Miðasala á tix.is



Auglýsing um sveitarstjórnarkosningar í Sveitarfélaginu Árborg þann 16. maí 2026. Eftirfarandi li

B-listi Framsóknarflokks

- Matthías Bjarnason**
Kt. 090500-3330 - Laxalækur 5
Tæknimaður
- Ellý Tómasdóttir**
Kt. 170689-2329 - Hólatjörn 5
Verkefnastjóri og forvarnarfulltrúi
- Arnar Freyr Ólafsson**
Kt. 241273-5719 - Nesbrú 4
Framkvæmdastjóri
- Guðrún R. Svandísardóttir**
Kt. 120882-4499 - Laufhagi 2
Skólastjóri
- Magnús Benediktsson**
Kt. 190773-5319 - Kálfhólar 21
Verkefnastjóri
- Kristín J. Hannesdóttir**
Kt. 270791-2639 - Björkurstekkur 2
Sjúkraþjálfari
- Árdís L. Gísladóttir**
Kt. 040901-3880 - Björkurstekkur 16
Grafískur hönnuður
- Guri H. Ólason**
Kt. 030971-2489 - Tjaldhólar 19
Ráðgjafi
- Óskar Hróbjartsson**
Kt. 050790-3399 - Birkigrund 36
Fangavörður
- Ólafur M. Ólafsson**
Kt. 121280-3619 - Holt
Húsasmiður/bóndi
- Ólafía Ingólfssdóttir**
Kt. 300552-3669 - Fosstún 7
Eldri borgari
- Porvaldur Guðmundsson**
Kt. 150678-4399 - Grenigrund 8
Umsjónarmaður fasteigna
- Böðvar Arnarsson**
Kt. 230904-2510 - Tryggvagata 4a
Smiður
- Erna Guðjónsdóttir**
Kt. 090596-2259 - Grenigrund 1
Tómstunda- og félagsmálafræðingur
- Gissur Jónsson**
Kt. 180476-3699 - Móhella 19
Ferðaþjónustubóndi
- Iða Marsibil Jónsdóttir**
Kt. 151077-4559 - Engjavík 24
Framkvæmdastjóri
- Guðmundur H. Ágústsson**
Kt. 021000-3020 - Kringlumýri 4
Slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður
- Sólveig Porvaldsdóttir**
Kt. 010661-4639 - Norðurbraut 33
Verkefnastjóri
- Ragnar G. Brynjólfsson**
Kt. 310361-4539 - Baugstjörn 33
Organisti
- Gils Einarsson**
Kt. 091154-2509 - Engjavegur 20
Vélstjóri
- Kolbrún J. Erlendsdóttir**
Kt. 220271-4209 - Grenigrund 8
Formaður Suðurlandsdeilda VR
- Hafdís H. Hafsteinsdóttir**
Kt. 200591-3059 - Mýrarland 8
Lögfræðingur

C-listi Viðreisnar

- Heiðrún Kristmundsdóttir**
Kt. 130792-2519 - Björkurstekkur 6
Verkefnastjóri
- Guðný Björk Pálmadóttir**
Kt. 220483-5259 - Rauðholt 13
Hönnuður og nýsköpunarverkefnastjóri
- Porsteinn Haukur Harðarson**
Kt. 091090-2609 - Lambhagi 16
Ráðgjafi
- Birgir Marteinnsson**
Kt. 221287-3399 - Hásteinsvegur 10
Lögfræðingur
- Ingunn Guðmundsdóttir**
Kt. 131157-7119 - Erlurimi 4
Viðskiptafræðingur
- Trausti Jóhannsson**
Kt. 220482-3089 - Dranghólar 1
Teymisstjóri
- Sandra Guðmundsdóttir**
Kt. 050680-5339 - Berghólar 16
Forstöðumaður
- Daníel Leó Ólason**
Kt. 220884-3419 - Rauðholt 13
Raforkuverkefnastjóri
- Ellen Amilía Óladóttir**
Kt. 190891-2169 - Álalækur 17
Ráðgjafi
- Valdimar Gylfason**
Kt. 120285-2709 - Ólafsvellir 18
Rafvirki
- Alísa Ruth Andradóttir**
Kt. 141205-2340 - Gauksrimi 3
Nemi
- Óli Kristján Erlendsson**
Kt. 270571-5739 - Gauksrimi 22
Blaðamaður og almannatengill
- Lovísa Lillý Davíðsdóttir**
Kt. 210308-3260 - Móstekkur 46
Framhaldsskólannemi
- Sigurður Sólmundsson**
Kt. 120677-3739 - Miðtún 20
Verktaki
- Laufey Ósk Magnúsdóttir**
Kt. 120188-3139 - Kerhólar 21
Ljósmyndari
- Sindri Ólafsson**
Kt. 150195-2259 - Austurhólar 2
Rafvirki
- Björg Porkelsdóttir**
Kt. 300464-2549 - Heiðarbrún 10
Húsmóðir
- Porvaldur Óskar Gunnarsson**
Kt. 081092-2149 - Merkiarður
Viðskiptafræðingur
- Selma Klara Gunnarsdóttir**
Kt. 230286-2219 - Fífumói 10
Nemi
- Gísli Halldór Halldórsson**
Kt. 151066-5779 - Túngata 41
Sviðsstjóri
- Sigurbjörg Björgvinsdóttir**
Kt. 240554-5779 - Engjavegur 77
Hjúkrunarfræðingur á eftirlaunum
- Eyjólfur Sturlaugsson**
Kt. 180564-8029 - Víðivellir 14
Framkvæmdastjóri

D-listi Sjálfstæðisflokks

- Bragi Bjarnason**
Kt. 250481-5359 - Berghólar 26
Bæjarstjóri
- Sveinn Ægir Birgisson**
Kt. 120298-3059 - Engjaland 3
Formaður bæjarráðs
- Linda Björk Hilmarsdóttir**
Kt. 160786-2219 - Dranghólar 33
Framkvæmdastjóri
- Brynhildur Jónsdóttir**
Kt. 080769-2969 - Grundartjörn 4
Forstöðuproskaþjálfari og bæjarfulltrúi
- Pórhildur Ingvadóttir**
Kt. 120572-4669 - Suðurengi 34
Umsjónarmaður Lyfju
- Kjartan Björnsson**
Kt. 040965-4599 - Hlaðavellir 6
Rakari og forseti bæjarstjórnar
- Sigurbjörg Guðmundsdóttir**
Kt. 210802-2310 - Túngata 26
Laganemi
- Sigríður Ósk Harðardóttir**
Kt. 230681-3849 - Merkiland 10
Rekstrarfulltrúi
- Gísli Rúnar Gíslason**
Kt. 120302-3610 - Háeyrarvellir 16
Kennaranemi
- Esther Ýr Óskarsdóttir**
Kt. 280797-2709 - Sólvellir 15
Lögfræðingur
- Ívar Marínó Lillendahl**
Kt. 180890-3199 - Asparland 12
Læknir
- Björg Agnarsdóttir**
Kt. 220691-2929 - Tröllhólar 43
Mannauðs- og launasérfræðingur
- Porvaldur Þórðarson**
Kt. 160258-3229 - Hjalladæl 6
Eldfjallafræðingur
- Margrét Anna Guðmundsdóttir**
Kt. 051287-3479 - Kjarrhólar 12
Félagsráðgjafi
- Alexander Egan**
Kt. 090397-2229 - Grenigrund 40
Þjónustufulltrúi
- Embla Líf Guðmundsdóttir**
Kt. 240804-2630 - Eyrargata 35
Umönnun
- Olga Bjarnadóttir**
Kt. 060575-6069 - Sigtún 36
Framkvæmdastjóri
- Atli Dagur Guðmundsson**
Kt. 160506-2880 - Erlurimi 6
Nemi
- Jóhann Jónsson**
Kt. 190780-4739 - Túngata 20
Framkvæmdastjóri
- Andri Hrafn Hallsson**
Kt. 150391-2029 - Hörðuvellir 2
Tannlæknir
- Júlía Katrín Sigmundsdóttir**
Kt. 200606-3610 - Fagurgerði 8
Nemi
- Ari Thorarensen**
Kt. 010165-5639 - Suðurengi 23
Fangavörður

Star verða í kjöri:

Sveitarfélagið
ÁRBORG

S-listi Samfylkingarinnar og óháðra

- Sigurjón Vídalín Guðmundsson**
Kt. 220974-5109 - Móstekkur 59
Bæjarfulltrúi og sérfræðingur hjá Vegagerðinni
- Margrét Björk Ólafsdóttir**
Kt. 231072-5949 - Grafhólar 18
Hjúkrunarstjóri Heilsugæslu á Selfossi
- Brynjar Þór Elvarsson**
Kt. 031290-3419 - Birkigrund 25
Stjórnáslufræðingur
- Elísabet Björgvinsdóttir**
Kt. 030605-2920 - Sigtún 34
Viðburðastjórnandi og þjálfari
- Árni Magnússon**
Kt. 190888-3559 - Sólvellir 9
Verkefnastjóri
- Elísabet Davíðsdóttir**
Kt. 280799-2709 - Vallarland 3
Lögfræðingur og kennari
- Margrét Kristjana Sverrisdóttir**
Kt. 080958-3239 - Eyrargata 39
Íslenskufraeðingur
- Eva Gunnarsdóttir**
Kt. 020875-6079 - Austurhólar 10
Skjalastjóri
- Einar Sindri Ólafsson**
Kt. 120993-2919 - Víðivellir 7
Jarðfræðingur
- Herdís Sif Ásmundsdóttir**
Kt. 200688-2449 - Vatnsdalur
Kennari og hjúkrunarfræðingur
- Linda Ásdísardóttir**
Kt. 100466-5119 - Hjallavegur 2
Sérfræðingur á Byggðasafni Árnesinga
- Benóný Jónsson**
Kt. 160768-5339 - Grenigrund 14
Líffræðingur
- Renuka Chareyre Perera**
Kt. 250670-2229 - Suðurbraut 16
Aðstoðarkokkur
- Tinna Berg Damayanth Rúnarsdóttir**
Kt. 091184-8189 - Tjarnarmói 7
Leikskólakennari
- Svala Norðdahl**
Kt. 140652-4319 - Íragerði 12a
Lífskúnstner
- Kristinn Hermannsson**
Kt. 040845-2409 - Austurvegur 41b
Rafvirki
- Davíð Kristjánsson**
Kt. 200564-5889 - Hrafnhólar 1
Vélvirki
- Þorvarður Hjaltason**
Kt. 210851-2919 - Sigtún 7
Eftirlaunamaður
- Margrét Frímannsdóttir**
Kt. 290554-4549 - Hraunhólar 5
Fyrirv. alþingismaður
- Ástfríður Sigurðardóttir**
Kt. 031065-4379 - Fagurgerði
Gæðastjóri
- Björgvin Guðni Sigurðsson**
Kt. 301070-4629 - Sigtún 34
Kennari
- Arna Ír Gunnarsdóttir**
Kt. 270870-3339 - Kjarrhólar 30
Félagsráðgjafi og verkefnastjóri

rdóttir og Steinunn Erla Kolbeinsdóttir

Framboðslistar í Hveragerðisbæ
í sveitarstjórnarkosningum 16. maí 2026

Hveragerðisbær

Fjórir framboðslistar bástust yfirkjörstjórn Hveragerðisbæjar á fundi hennar föstudaginn 10. apríl s.l. og voru þeir allir úrskurðaðir gildir. Eftirtaldir listar verða í kjöri í Hveragerðisbæ:

B-listi Framsóknar

- | | | |
|--|--|---|
| 1 Marta Rut Ólafsdóttir
250891-2029 - Bjarkarheiði 15
<i>Viðskiptaþróunarstjóri</i> | 6 Hanna Einarsdóttir
180390-3599 - Hjallabrún 17
<i>Talmeinafræðingur og söngkona</i> | 11 Örlygur Atli Guðmundsson
211262-5759 - Brattahlíð 7
<i>Kennari / tónlistarmaður</i> |
| 2 Einar Alexander K. Haraldsson
170294-2039 - Dalahraun 26
<i>Varðstjóri hjá lögreglunni á Suðurlandi</i> | 7 Örn Sigurðarson
190190-2189 - Hjallabrún 14
<i>Húsasmiðameistari</i> | 12 Herdís Þórðardóttir
050558-6579 - Kambahraun 1
<i>Innkaupastjóri HSU</i> |
| 3 Thelma Rún Runólfsdóttir
090589-2459 - Heiðmörk 8
<i>Sérfræðingur skólaþjónustu</i> | 8 Guðbjörg Ýr Ingólfsdóttir
290488-2229 - Bjarkarheiði 9
<i>Grunnskólakennari</i> | 13 Halldór Bjarni Mariásson
091052-3509 - Arnarheiði 2
<i>Bóndi og bílstjóri</i> |
| 4 Atli Örn Egilsson
080990-3409 - Þelamörk 46
<i>Verkefnastjóri</i> | 9 Páll Sigurðsson
240884-3139 - Heiðarbrún 16
<i>Skógafræðingur</i> | 14 Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir
260179-4709 - Hólmabrunn 11
<i>Framkvæmdastjóri</i> |
| 5 Sæbjörg L. Másdóttir
160491-3539 - Dynskógar 17
<i>Hjúkrunarfræðingur</i> | 10 Margrét S. Stefánsdóttir
111268-4449 - Laufskógar 41
<i>Tónlistarkennari / deildarstjóri</i> | |

D-listi Sjálfstæðisflokks

- | | | |
|--|---|---|
| 1 Ingimar Guðmundsson
210894-2929 - Borgarheiði 20
<i>Sérfræðingur</i> | 6 Íris Brá Svavarsdóttir
230189-2189 - Borgarhraun 21
<i>Atvinnurekandi</i> | 11 Hallgrímur Þorgilsson
030901-3120 - Langahraun 12
<i>Húsasmiðameistari</i> |
| 2 María Rún Þorsteinsdóttir
250185-2869 - Valsheiði 10
<i>Ráðgjafi</i> | 7 Einar Ísberg
260802-2670 - Kambahraun 42
<i>Háskólanemi</i> | 12 Nishadí U. Weerasooriya
090507-3540 - Fljótsmörk 6-12
<i>Námsmaður</i> |
| 3 Sigmar Karlsson
301187-3789 - Kambahraun 52
<i>Deildarstjóri í grunnskóla</i> | 8 Hekla Björt Birkisdóttir
200901-2580 - Borgarheiði 13v
<i>Íðjuþjálfari</i> | 13 Feng Jiang Hannesdóttir
160762-2419 - Reykjámörk 8
<i>Eldhústarfsmaður</i> |
| 4 Hjalti Helgason
19172-4509 - Lyngheiði 22
<i>Viðhaldsstjóri mannvirkja</i> | 9 Sigurður Einar Guðjónsson
140973-5489 - Dynskógar 32
<i>Byggingatæknifræðingur</i> | 14 Eyjólfur K. Kolbeins
200954-2389 - Langahraun 17
<i>Matreiðslumeistari / eftirlaunabegi</i> |
| 5 Karitas Róbertsdóttir
311093-2669 - Langahraun 24
<i>Líffræðingur</i> | 10 Guðfinna Ýr Sumarliðadóttir
240686-3259 - Drekahraun 10
<i>Hjúkrunarfræðingur</i> | |

O-listi Okkar Hveragerði

- | | | |
|--|--|--|
| 1 Lárus Jónsson
281178-4079 - Dalsbrún 27
<i>Körfuboltaþjálfari, kennari</i> | 6 Brynja Hrafnkelsdóttir
290982-3409 - Bjarkarheiði 25
<i>Skordýrafræðingur og teymisstjóri</i> | 11 Hrafn Andrés Harðarson
090448-2269 - Laufskógar 15
<i>Bókavörður og skáld</i> |
| 2 Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir
090992-3769 - Lindahraun 2
<i>Lögmaður</i> | 7 Eyþór Atli Olsen Finnsson
070596-3859 - Valsheiði 24
<i>Hlaðvarpsþáttastjórnandi og öryggisráðgjafi</i> | 12 Anna Jörunn Stefánsdóttir
211242-3029 - Bjarkarheiði 19
<i>Talmeinafræðingur, sellóleikari/kennari</i> |
| 3 Jónas Guðnason
180582-6069 - Þórsmörk 8
<i>Jarðfræðingur</i> | 8 Embla Werner Guðleifsdóttir
160205-4580 - Valsheiði 8
<i>Stuðningsfulltrúi</i> | 13 Njörður Sigurðsson
190574-5559 - Borgarhraun 34
<i>Sagnfræðingur og bæjarfulltrúi</i> |
| 4 Sandra Lind Brynjarsdóttir
061087-2659 - Dalahraun 11A
<i>Grunnskólakennari/Deildarstjóri</i> | 9 Guðjón Óskar Kristjánsson
170391-2339 - Smyrlaheiði 50
<i>Deildarstjóri fasteigna hjá ON</i> | 14 Sandra Sigurðardóttir
060283-4949 - Drekahraun 7
<i>Þingmaður og forseti bæjarstjórnar</i> |
| 5 Ívar Dagur B. Sævarsson
040705-2520 - Valsheiði 21
<i>Tónlistarmaður og nemi</i> | 10 Halldóra Jóna Guðmundsdóttir
231084-2669 - Langahraun 30
<i>Framreiðsluveinn</i> | |

S-listi Samfylkingar og óflokksbundinna

- | | | |
|---|---|---|
| 1 Birgitta Ragnarsdóttir
220489-2219 - Borgarhraun 12
<i>Tollamiðlari</i> | 6 Arnar Hannes Halldórsson
010466-4319 - Arnarheiði 24
<i>Verkefnastjóri</i> | 11 Harpa Björnsdóttir
271072-3339 - Hraunbær 33
<i>Deildarstjóri og leikskólakennari</i> |
| 2 Þorsteinn Hjartarson
100357-3219 - Laugaskarð 2
<i>Eldri borgari og fyrirv. fræðslustjóri</i> | 7 Árný Fjóra Ásmundsdóttir
170391-2339 - Borgarhraun 14
<i>Leiðbeinandi í leikskóla og listakona</i> | 12 Hjálmar Trausti Kristjánsson
080962-4879 - Dalahraun 10
<i>Bílstjóri</i> |
| 3 María de Araceli Quintana
141090-2839 - Hraunbær 41
<i>Dans- og leiklistarkennari</i> | 8 Tómas Kristjánsson
090784-2779 - Arnarheiði 19
<i>Sálfræðingur og lektor</i> | 13 María Arnardóttir
100789-2569 - Kambahraun 10
<i>Myndlistarkona</i> |
| 4 Guðmundur Benóný Baldvinsson
120983-5719 - Kambahraun 28
<i>Lagerstjóri</i> | 9 Kristín Lilja Th. Björnsdóttir
120490-2149 - Hveramörk 16
<i>Bókasafns- og upplýsingafræðingur</i> | 14 Ingibjörg Sigmundsdóttir
030956-3119 - Heiðmörk 31
<i>Eldri borgari og fyrirv. garðyrkjubóndi</i> |
| 5 Berglind Ósk Guttormsdóttir
190884-3099 - Heiðmörk 41B
<i>Leiðsögumaður og ferðaskipuleggjandi</i> | 10 Halldór Grétar Einarsson
040366-5989 - Heiðmörk 68A
<i>Tæknistjóri</i> | |

Yfirkjörstjórn Hveragerðisbæjar

Njáluperlur sýndar á Hvolsvelli og Selfossi

Sýningin Njáluperlur verður flutt á Suðurlandi sunnudaginn 10. maí næstkomandi, annars vegar í Félagsheimilinu Hvoli á Hvolsvelli klukkan 14 og hins vegar á Sviðinu á Selfossi klukkan 20 sama kvöld.

Að sýningunni standa Guðni Ágústsson, Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir og Gissur Páll Gissurarson, sem hafa áður flutt Njáluperlur í Salurinn við göðar undirtektir og góða aðsókn.

Í sýningunni fær Brennu-Njáls saga nýjan og spennandi buning þar sem frásögn, leikræn túlkun og tónlist fléttast saman. Gissur Páll flytur þar rammis-



lensk lög auk þess sem hann syngur hlutverk Skarphéðins í brennunni við undirleik Mattildar Önnu Gísladóttur.

Sækjum fram á Eyrarbakka og Stokkseyri

Mikil uppbygging hefur átt sér stað í Sveitarfélaginu Árborg á undanföllum árum. Þegar horft er til næstu ára vill D-listinn í Árborg gera átak í að dreifa álaginu sem fylgir íbúafjölgun á fleiri svæði utan Selfoss. Þá er spurning til hvaða svæða við getum litið í því sambandi. Árborg á t.d. land á Eyrarbakka og Stokkseyri sem getur nýst til að byggja upp fjölbreytt húsnæði fyrir aðila sem vilja flytja í sveitarfélagið.



Sigurbjörg Guðmundsdóttir

7. sæti hjá D-listanum í Árborg

KOSNINGAR 2026



Gísli Rúnar Gíslason

9. sæti hjá D-listanum í Árborg

KOSNINGAR 2026

Hverjar eru forsendur uppbyggingar?

Til þess að við ströndina þrífist áfram blómleg samfélög er nauðsynlegt að sveitarfélagið geri það sem í valdi þess stendur til að tryggja uppbyggingu bæði hvað varðar íbúða- og atvinnuhúsnæði. Til að stuðla að því er mikilvægt að við höldum áfram að deiliskipuleggja svæði undir íbúðabyggingu og atvinnuhúsnæði.

Til að byggja upp byggðakjarna þarf að tryggja að innviðir taki við frekari íbúafjölgun. Á Eyrarbakka og Stokkseyri eru lagnir orðnar gamlar og kominn tími á endurnýjun. Það ferli er hafið með endurnýjun hluta Eyrarlagar sem á eftir að auðvelda flutning á heitu vatni til Eyrarbakka og Stokkseyrar. Auk þess að endurnýja og byggja upp innviði er mikilvægt að til staðar séu hvarfar til uppbyggingar. Sem dæmi vill D-listinn endurskoða gjaldskrár sem væri til þess fallið að stuðla að lækun lóðaverðs á Eyrarbakka og Stokkseyri.

Til hvaða svæða er hægt að horfa?

Á Eyrarbakka hefur staðið að lengja Hjalladæl til vesturs sem er metnaðarfullt verkefni og myndi efla byggðina til muna. Stækkun á Hjalladæl til austurs er þegar komin í farveg og er áætlað að gatnagerð hefjist í maí. Þar er gert ráð fyrir einbýlis-, rað- og parhúsum sem styður fjölbreytta götumynd í

þorpínu. Í vesturhluta Eyrarbakka er atvinnusvæði þar sem búið er að úthluta nýjum lóðum og unnið er að frekari úthlutunum. Það er mikilvægt öllum samfélögum að boðið sé upp á fjölbreytta starfsemi fyrirtækja.

Á Stokkseyri eru metnaðarfull verkefni við Tjarnarstig og Dvergasteina sem verður hægt að bjóða til uppbyggingar á næstu mánuðum. Þar með er ekki allt upp talið því að í báðum byggðakjörnum eru möguleikar á spennandi sjávarlóðum með fallgu útsýni yfir hafið og ströndina, sem er ein af helstu náttúruperlum sveitarfélagsins.

Hvað ber framtíðin í skauti sér?

Samhliða íbúafjölgun er þörf á styrkingu innviða. Auk þeirra atriða sem hér hafa verið nefnd í því sambandi er ekki síður mikilvægt að styrkja innviði er snúa að skólaláði. Þar ber helst að nefna framtíðarlausn á kennsluáðstöðu á Eyrarbakka. Með því verður það aðdráttarafli sem hvað mest áhrif hefur á barnafjölskyldur, þ.e. skólaláði, jafnara innan sveitarfélagsins. Sterkari innviðir á ströndinni auka líkurnar á því að íbúafjölgun dreifist betur og samhliða því munu Eyrarbakki og Stokkseyri verða aðlaðandi fyrir fyrirtæki sem sjá fyrir sér framtíð í stækkandi samfélagi. Með aukinni uppbyggingu við ströndina eflum við sveitarfélagið sem heild.

Við erum á réttri leið - D-listinn í Árborg

Proskahjálp á Suðurlandi

Aðalfundur Proskahjálpar á Suðurlandi fer fram 7. maí næstkomandi. Það er ekki ofsagt að félagið hafi legið í dvala um nokkurt skeið. Nú er kominn tími til að það vakni aftur til lífsins. Félagið er aðili að landssamtökunum og það skiptir máli að aðildarfélögin úti á landi séu virk, sýnileg og sterk.

Rúmum þremur árum eftir að þjónusta við fatlað fólk færðist frá ríki til sveitarfélaga þann 1. janúar 2011 ákváðu sveitarfélögin á Suðurlandi að stofna byggðasamlag um þjónustuna sem var nefnt Bergisinn bs. Suðurland er víðfeðmt svæði og fólkið sem reidir sig á þjónustu býr við ólíkar aðstæður, í ólíkum sveitarfélögum og með ólíka stuðningsþörf. Það eitt og sér kallar á skýra sýn, sterka rödd og virkt aðildarfélag sem lætur sig réttindi fatlaðs fólks raunverulega varða.

Í einfölduðu máli má segja að byggðasamlagið hafi tekið við sama svæði og Svæðis- skrifstofa málefna fatlaðra á Suðurlandi hafði áður umsjón með. Það er svæði sem nær frá Skaftárhreppi að Ölfusi og inn í uppsveitir Arnessýslu. Svæði Bergisins er vissulega skipt í fimm þjónustusvæði sem eiga fulltrúa í svokölluðu fagteymi og þjónusturáði Bergisins. En fyrir almenning og ekki síst þjónustunotendur er þetta kerfi lítt sýnilegt og torskiljanlegt.

Ég hef stundum spurt mig hvort það hafi í raun verið heillaskref fyrir fatlað fólk á Suðurlandi að málaflökkurinn skyldi færast frá ríki til sveitarfélaga. Markmiðin með yfirfærslunni voru skýr og að mörgu leyti góð. Þjónustan átti að færast nær notandanum. Hún átti að verða samþættari. Fjármunirnir áttu að nýttast betur. En ég er ekki sannfærður um að notendur þjónustunnar upplifi almennt að þetta hafi gengið eftir. Ávinningurinn í formi nálægðar virðist að minnsta kosti lítill sem enginn. Ég er heldur ekki viss um að ábyrg sveitarfélög eða almenningur sjái með skýrum hætti hvernig fjármunirnir rata í raun til þjónustunnar sjálfrar.

Þegar svona stór og mikilvægur þáttur í opinberri þjónustu birtist almennum borgurum eins og leynifélag Agga Pó í stjórnsýslunni, þá verðum við að staldra við og spyrja: Er kerfið hannað fyrir þjónustunotandann eða þjónustuveitandann?

Að mörgu leyti virðist það ganga þvert á upphafleg markmið yfirfærslunnar. Sam-

kvæmt ársreikningum byggðasamlagsins virðast fjármunir safnast upp ár frá ári í stað þess að fara markvisst í þá þjónustu sem þeim er ætlað að fjármagna. Á sama tíma er notendum nánast gert ómögulegt að fylgjast með ákvörðunum stjórnvalds sem tekur stórar ákvarðanir með bein áhrif á líf þeirra.

Hér er ekki hægt að vísa einfaldlega í rekstrarhagkvæmni. Hún má aldrei vegna þyngra en grundvallarréttindi. Þetta snýst um það hvort fatlað fólk, aðstandendur og almenningur geti raunverulega skilið hvernig ákvarðanir eru teknar, hvernig forgangsroðun fer fram og hvernig fjármunum er ráðstafað. Ef upplýsingar og ákvarðanatökufæri eru ekki aðgengileg á skýran og skiljanlegan hátt, þá stenst það illa þær lagalegu skyldur sem gilda um víðeigandi aðlögun, þátttöku og aðgengi fatlaðs fólks að eigin málum.

Þetta er sérstaklega mikilvægt í ljósi þess að Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hefur nú lagagildi hér á landi. Það þýðir að aðgengi að upplýsingum, þátttaka notanda og gagnsæ stjórnsýsla eru ekki eitthvað sem hægt er að velja og hafna eftir hentugleika. Þetta eru grundvallarviðmið sem eiga að birtast í öllum vinnubrögðum byggðasamlagsins.

Hvar eru fundargerðir stjórnar og þjónusturáðs Bergisins?

Bergisinn er ekki með heimasíðu sem skýrir hlutverk hans. Hann er ekki með skýrar leiðbeiningar á einum stað um það hvernig sækja á um þjónustu, hvert eigi að leita eða hvar eigi að byrja. Til að finna fundargerðir þarf að fara krókaleiðir í gegnum fundargerðir sveitarfélaga þar sem mál eru tekin fyrir og samþykkt. Það er ekki boðlegt. Þessar upplýsingar eiga ekki að vera settar handan við völuðarhús stjórnsýslunnar þar sem aðeins vanir og innviðir rata um.

Það er líka nauðsynlegt að spyrja hvernig fjármagni er stýrt. Nú hafa til dæmis Sólheimar ses. nýlega sagt upp þjónustusamningi við Bergisann. Hér er gullið tækifæri fyrir Bergisann til að leiðrétta það óréttlæti sem felst í því að þjónustan á Sólheimum sé rekin í gegnum einn stóran heildarsamning. Í ársreikningi Bergisins fyrir árið 2025 má sjá skýrt hvernig fjölmargar aðrar rekstrareiningar eru sundurliðaðar sérstaklega, og heimili og vinnu- og virkni-

eingingar birtar hver fyrir sig. Sólheimar birtast hins vegar sem einn risastór liður upp á 870.295.000 krónur, þrátt fyrir fjölbreytt þjónustuáætlun, mörg heimili og margar vinnu- og virknistöðvar.

Það hlýtur að vera öllum ljóst að það er ekki í samræmi við vandaða og faglega fjárhagsstýringu að setja 870 milljónir í einn heildarsamning á þess að fá kassakvittun; skýra sundurliðun eftir heimilum og starfseiningum. Ef fjármagnið á raunverulega að fylgja stuðningsþörf fólks, þjónustuáætlunum og faglegru ábyrgð, þá þarf skipulagið að vera skýrara. Rétt væri að gera samninga við einstök heimili og starfseiningar á Sólheimum með sambærilegum hætti og hjá öðrum rekstrareiningum innan byggðasamlagsins. Þá yrði hægt að sjá með skýrari hætti hvaða fjármunir fara hvert, hvernig þeir tengjast þjónustunni og hvort þeir skila sér í þeim persónubundna stuðningi sem hver og einn á rétt á samkvæmt mati á stuðningsþörf (SIS).

Ög þetta er ekki bara spurning um réttindi notenda á Sólheimum. Þetta er líka spurning um rétt almenning og skattgreiðenda til að sjá að opinberu fé sé ráðstafað af skynsemi, fagmennsku og gagnsæi.

Ég býð mig fram til formanns af því að ég tel að Proskahjálpar á Suðurlandi eigi að verða sá vettvangur sem þorir að spyrja þessara spurninga og heimta skýr svör. Félagið á að vera lifandi afl í þágu réttinda fatlaðs fólks. Það á að standa með notendum þjónustunnar, aðstandendum þeirra og öllu því fólki sem vill sjá faglegru, réttlátari og mannúðlegri framkvæmd í þessum málaflökki.

Ég hef starfað lengi á vettvangi þjónustu við fatlað fólk og hef mikinn áhuga á því hvernig fagmennska, ábyrgð, réttindi og gæði eiga að vinna saman. Þess vegna vil ég leggja mitt af mörkum til að byggja Proskahjálpar á Suðurlandi upp sem sýnilegt, sterkt og trúverðugt aðildarfélag. Félag sem lætur sig stjórnsýslu varða. Félag sem fylgist með ráðstöfun fjármuna. Félag sem krefst gagnsæis. Og félag sem talar skýrt þegar réttindi fólks eru undir. Ég kalla eftir þátttöku frá notendum þjónustunnar, aðstandendum, starfsfólki og öllu áhugasfólki um mannréttindi.

Ef ég fæ traust til að leiða Proskahjálpar á Suðurlandi mun ég vinna að því að félagið verði aftur lifandi afl.

Hallbjörn V. Friðhólm
í framboði til formanns
Proskahjálpar á Suðurlandi



1. maí - Styrkur okkar er velferð allra

Karnival með blöðrum, „skrúðganga“ (kröfuganga) eins og margir segja, gott kaffihlaðborð tónlist og leiklist.

Það er ekkert að því að hafa gaman og minna okkur á í leiðinni að réttindi launafólks eru ekki sjálfgefín – þau hafa verið unnin með baráttu, samstöðu og þrautseigju. Sú barátta heldur áfram á hverjum degi.

Baráttan er fyrir þau sem mæta til vinnu á hverjum degi og halda samfélaginu gangandi. Fyrir þau sem sjá um börnin okkar, byggja upp innviði, sinna þjónustu og taka þátt í því að skapa verðmæti sem allt samfélagið nýtur. En líka fyrir þau sem eru að berjast – við að ná endum saman, við að halda heimilinu gangandi og við að tryggja sér mannsæmandi líf.

Ný gögn frá Vörðu – rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins sýna svart á hvítu að of stór hluti launafólks býr við óryggi. Fólk á í erfiðleikum með að ná endum saman, býr við skort og hefur ekki raunhæf tækifæri

til að tryggja sér öruggt húsnæði eða fjárhagslegt öryggi. Þetta er veruleiki fólksins okkar. Suðurland í samburði við aðra kemur ekki vel út, veldur hver á heldur.

Á Suðurlandi er staðan víða þung meðal hinna almennu félagsmanna. Hér eru tekjur víða lægri, störf ótryggari og húsnæðiskostnaður hár – án þess að laun haldi í við þróunina. Þá er aðgengi að þjónustu og stuðningi ekki sambærilegt við það sem gerist á höfuðborgarsvæðinu.

Við sjáum, heyrum og finnum þetta hjá fólkinu okkar.

Hlutverk stéttarfélaganna er skýrt: að standa vörð um réttindi félagsmanna, berjast fyrir bættum kjörum og tryggja að ekki sé gengið á rétt fólksins okkar. Að vera rödd þeirra sem hafa ekki rödd. Að minna á að bak við tölur og tölfræði er fólk með fjölskyldur, ábyrgð og von um betra líf. En við vitum líka að kjararáttan fer ekki aðeins fram við samningaborðið – hún fer fram í samfélaginu öllu.

Sveitarstjórnir taka ákvarðanir sem hafa bein áhrif á líf fólks – á það hvort fjölskyldur nái endum saman, hvort ungt fólk geti fest rætur og hvort samfélög fái að blómstra. Sú ábyrgð er raunveruleg og hún skiptir máli á hverjum degi.

Hvernig er framtíðarsýn okkar hér á Suðurlandi hvað varðar atvinnuuppbyggingu, hefur farið fram greiningarvinna varðandi sóknarfæri í sveitarfélögum, eru sveitarfélögin í samtali hvert við annað eða vilja þau viðhalda þeirri láglaunastefnu sem virðist vera viðlöðandi samkvæmt gögnum sem við höfum undir höndum.

Báran, stéttarfélag skorar á þá sem sækjast eftir ábyrgð í sveitarstjórnunum í komandi kosningum að láta sig varða um kjör launafólks. Að þau vinni markvisst að því að tryggja húsnæðisöryggi, efla þjónustu og byggja upp innviði sem mæta raunverulegum þörfum fólks. Ríki og sveitarfélög hafa í miklu mæli útviðað störfum og boðið út

t.d. hinar ýmsu rekstrareiningar/framkvæmdir, sem ýta undir láglaunastefnu og undirboð á vinnumarkaði. Útboðmál hafa verið í miklum ólestri og hafandi fylgst með þeim afgreiðslum sem hafa verið á borði t.d. sveitarfélaganna er sveitarstjórnunum/bæjarstjórnunum ekki til framdráttar hvað þá þeim sem munu svo sinna þessum störfum hjá þeim verk-tökum sem hreppa hnossið. Við sjáum allt of mörg dæmi um illa meðferð á sérstaklega erlendu verkafólki hjá útivistunaraðilum sveitarfélaga. Þarna þarf virkilega að taka til og að niðurstaða útboða verði raunhæf þannig að sparnaður liggi ekki í skertum kjörum launafólks.

Endurskoðun á forsendum kjarasamninga liggur fyrir í haust og eins og staðan er núna gætu forsendur brostið miðað við hvað verðbólgan er lífseig. Þegar er hafið samtal við stjórnvöld og verið að reyna að finna leiðir til þess að kjarasamningar haldi.

Það er alveg ljóst að ábyrgðin



á stöðunni liggur ekki hjá launafólki hún liggur ekki sist hjá þeim sem fara með völdin og taka pólitískar ákvarðanir.

1. maí ekki bara dagur í dagatalinu – hann er áminning um réttlæti, fyrir fólkið okkar og fyrir samfélag þar sem allir geta lifað mannsæmandi lífi.

Halldóra Sigr. Sveinsdóttir
formaður Bárunnar, stéttarfélags

First Water lýkur fjármögnun á fyrsta fasa

Vikuleg slátrun á laxi hafin og fyrsti áfangi fullfjármagnaður

Framleiðslugeta mun tvöfaldast

First Water, sem sérhæfir sig í sjálfbærni landeldi, vinnslu og útflutningi á laxi frá Þorlákshöfn, hefur lokið um 11 milljarða króna fjármögnun. Um er að ræða útgáfu um 6 milljarða króna breytanlegs skuldabréfs sem leidd er af núverandi hluthöfum félagsins og um 5 milljarða króna lánsfjármögnun frá Landsbankanum og Arion banka.

Með fjármögnuninni mun félagið ljúka framkvæmdum við fyrsta áfanga í uppbyggingu félagsins og auka árlega framleiðslugetu úr 5.000 tonnum í 10.000 tonn af slægðum laxi.

First Water hefur nú frá stofnun sótt um 28 milljarða króna í hlutafé, um 6 milljarða í formi breytanlegs skuldabréfs ásamt um 18 milljarða króna í lánsfé og þannig tryggt sér fjármögnun sem nemur alls um 52 milljörðum króna. Á síðasta ári

komu þrjú lífeyrissjóðir inn sem nýir hluthafar hjá félaginu og eru nú 8 af 10 stærstu lífeyrissjóðum landsins í hluthafahópi First Water. Fjárfestingarfélagið Stoðir er eftir sem áður stærsti hluthafi félagsins með 33% hlut.

Vikuleg slátrun hafin

First Water lauk við uppbyggingu átta 25 metra yfirbyggðra landeldistanka í fyrra og uppskar í fyrsta skipti 5 kg slægðan hágæða lax í september 2025.

Frá og með janúar á þessu ári hefur First Water hafið reglubundna uppskeru en meðalstærð við uppskeru hefur verið um 4,8 kg slægður með 95% yfirburðarhlutfalli (e. superior ratio) sem þýðir að 95% af fiskinum sem slátrað er fer í hæsta gæðaflokk. Gert er ráð fyrir því að heildaruppskera ársins 2026 verði um 3000 tonn slægður.

Eftirsótt hágæðavara hjá kröfuhörðum kaupendum

Sölustarfsemi First Water hefur gengið vel og hefur félagið selt stærstan hluta af uppskeru sinni til þessa til kaupenda í Evrópu og Bandaríkjunum. Félagið rekur fiskvinnsluhús í Þorlákshöfn með sérhæfðum vinnslulínum þar sem lax er unninn og pakkað til útflutnings vikulega.

Afúðir félagsins hafa vakið athygli á erlendum mörkuðum og meðal viðskiptavina First Water eru kröfuharðir aðilar sem þjónusta mötuneyti þekktra fjármála- og tæknifyrirtækja í Bandaríkjunum og fyrirtæki sem dreifa ferskum hágæða matvælum í matvöruverslanir í Evrópu.

Aukin framleiðslugeta


Upphaflegar áætlanir First Water gerðu ráð fyrir að afköst landeldisstöðvarinnar yrðu samtals um 50.000 tonn á ári þegar

stöðin væri full byggð og komin í fulla framleiðslu. Reynsla síðustu mánaða bendir til þess að framleiðslugeta félagsins verði meiri og er stefnt að því að framleiða um 60.000 tonn árlega af slægðum laxi. Þannig verður framleiðslugeta First Water um 20.000 tonn þegar fyrstu tveir áfangarnir verða komnir í fulla notkun.

„Við höfum náð framúrskarandi árangri í sölu á laxi á stuttum tíma og eftirspurnin eftir 5 kg laxinum okkar hefur farið fram úr væntingum. Það sem skiptir okkur mestu máli er að þessi eftirspurn og áhugi kemur frá kaupendum sem gera miklar kröfur um gæði og áreiðanleika

vörunnar. Það staðfestir að við erum að framleiða vöru sem hefur samkeppnisforskot. Þessi fjármögnun gerir okkur kleift að ljúka byggingu á fyrsta áfanga að öllu leyti. Með áframhaldandi framkvæmdum og aukinni framleiðslugetu sjáum við fram á verulega aukningu á útflutningstekjum sem leggur grunninn að frekari uppbyggingu á starfsemi First Water í Þorlákshöfn,“ segir Eggert Þór Kristófersson, forstjóri First Water.

Ráðgjafar First Water við skuldbréfafjármögnunina var ARMA Advisory og BBA Fjeldco. Arion banki og Landsbankinn leiða lánsfjármögnun félagsins.



Vikuleg slátrun (meðalstærð kg. og yfirburðarhlutfall). Mynd: Aðsend.

Vantar starfsmann á lager

Pípulagnir óska eftir að ráða starfsmann á lager. Viðkomandi þarf að hafa reynslu í pípulagnavinnu.

Umsóknir sendist á netfangið
gudmundur@psud.is

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur
í síma 896-4368 eða gudmundur@psud.is

PIPULAGNIR
SUÐURLANDS

Snorri flytur erindi um byggð á lifandi landssvæði í Hvolnum

Fimmtudaginn 30. apríl kl. 17 mun Snorri Zóphóniasson flytja erindi í Hvolnum á Hvolsvelli undir yfirskriftinni *Byggð á lifandi landssvæði*.

Í erindinu beinir Snorri sjónum að landsvæðinu milli Þjórsár og Hverfisfljóts, þar sem náttúruöfl hafa mótað búsetu og mannlíf um aldir. Þar verður fjallað um hvernig íbúar svæðisins hafa þurft að glíma við jökulhlaup, hraunflóð, öskufall, jarðskjálfta og eiturgufur, auk þess sem vatnsmiklar jökulár hafa ítrekað brotið land og breytt landslagi.

Snorri mun meðal annars sýna dæmi um baráttu fólksins við jökulvötnin, hvernig tekist hefur að leggja vegi, brúa aurvötn og verja ræktanlegt land þrátt fyrir sibreytileg náttúruskilyrði. Þá verður einnig farið



Varnargarðar vegna Markarfljótsins við Dímon.

yfir uppbyggingu nútímalegra aðvörunarkerfa vegna eldgosa og flóða sem stuðlað hafa að auknu öryggi og bættum lífskilyrðum á þessu viðkvæma svæði.

Erindið er á vegum Rótarýklúbbur Rangæinga og eru allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Fagmennska og valddreifing í þágu íbúa

Margir þekkja mig úr heimi ípróttanna en færri vita að ég er með mastersgráðu í alþjóðasamskiptum þar sem opinber stjórnsýsla er einn af grunnsteinunum. Ég brenn fyrir því að efla stjórnsýslu Hveragerðis. Öflug, gagnsæ og skilvirk stjórnsýsla sem tekur mið af þörfum allra íbúa er lykilatriði í gæðasamfélagi. Það er mikilvægt að halda þeirri vegferð áfram sem hófst fyrir fjórum árum.

Á síðustu árum hefur orðið mikilvæg breyting sem einkennist af aukinni fagmennsku og skýrari verkaskiptingu. Ein af lykilbreytingunum er sú að ákvarðanatöku dreifist nú betur á fagleg svið þar sem sviðsstjórar bera ábyrgð. Nýtt skipurit bæjarins endurspeglar þessa sérhæfingu með fjórum öflugum stöðum:

- **Mennta-, menningar- og lýðheilsusvið:** Heldur utan um okkar mikilvægasta auð: börnin og vellíðan íbúa.
- **Velferðarsvið:** Tryggir félagslegt öryggi og stuðning við þá sem á þurfa að halda.
- **Tækni- og umhverfissvið:** Stýrir vextinum, innviðum og því hvernig við byggjum upp bæinn okkar.
- **Stjórnsýslusvið:** Heldur utan um fjármál, stafræna þróun, þjónustuver og markaðsmál.

Þessi nálgun er grundvöllur nútímalegrar stjórnsýslu. Hún byggir á því að ákvarðanir séu teknar nær verkefnum sjálfum af fólki sem hefur þekkingu og reynslu. Þetta



Lárus Jónsson
1. sæti á lista Okkar Hveragerðis
KOSNINGAR 2026

fyrirkomulag hefur þegar sýnt gildi sitt; með því að færa fræðslu- og velferðarþjónustu aftur „heim“ í bæinn hefur tekist að bæta þjónustu og bregðast hraðar við þörfum samfélagsins.

Stjórnsýslan á að vera málþípa íbúanna. Á kjörtímabili hafa raddir bæjarbúa fengið auknið vægi, meðal annars með reglulegum upplýsingafundum og virkari notendaráðum, svo sem nýstofnuðu ungmennaráði, öldungaráði og samráðshópi um málefni fatlaðs fólks. Virkt íbúalýðræði styrkir ákvarðanatöku og gerir hana betri.

Ég hef verið spurður hvort ég hyggtist sjálfur taka að mér hlutverk bæjarstjóra. Svárið er einfalt: Ég treysti engum betur en Pétri G. Markan til að leiða þá vinnu áfram. Hann hefur reynsluna og þekkinguna til að byggja upp það faglega umhverfi sem við sjáum í dag. Mitt hlutverk sem oddviti er að tryggja pólitíska forystu og skýra framtíðarsýn, á meðan bæjarstjóri leiðir öflugan hóp fagfólks.

Grunnþjónustan á alltaf að vera í forgrunni. Við þurfum að halda áfram að byggja upp faglega og samhæfða stjórnsýslu sem þjónar íbúum á réttan hátt. Það er verkefnið fram undan.

Sjálfstæðismenn í Árborg = Skattmenn

Á 72. fundi bæjarstjórnar á Áyrfirstandandi kjörtímabili var fyrsta mál á dagskrá ársreikningur sveitarfélagsins Árborgar fyrir árið 2025, sem lagður var fram til fyrri umræðu. Undirritaður hvetur áhugasama til að kynna sér innihald hans við birtingu, enda kemur þar fram yfirlit yfir tekjur, afkomu, eignir og sjóðstreymi sveitarfélagsins auk ítarefnis.

Gegndarlausar skattheimtur

Í ársreikningnum birtast skýrt áherslur núverandi meirihluta Sjálfstæðismanna, þar sem gengið er fram með óhóflegri skattheimtu. Heildarskatttekjur sveitarfélagsins námu 13,1 milljarði kr., og því voru, að meðaltali, um 1,4 milljónir kr. sóttar í vasa hvers greiðenda á árinu.

Fasteignaskattur hækkar um 51,8% á milli ára

Fasteignaskattur á eignir einstaklinga og fyrirtækja námu um 2,3 milljörðum kr. árið 2025 og

hafa hækkad verulega milli ára. Árið 2024 námu þessir sömu skattar um 1,5 milljörðum kr. sem þýðir hækkun upp á 800 milljónir kr. á milli ára. Þessi hækkun nemur um 51,8% þegar krónutöluhækkunin er reiknuð og er langt umfram það sem telja má hóflegt. Slík aukning er fordæmalaus í sveitarfélaginu og hefur haft bein áhrif á fasteignaeigendur, sem hafa fundið verulega fyrir þessari þróun.

Byggingarréttargjald aukaskattur á fasteignaeigendur

Á árinu innheimti sveitarfélagið um 370 milljónir kr. í byggingarréttargjöld, samanborið við um 57 milljónir árið áður. Ekki er ljóst með hvaða hætti meirihlutinn hefur gert ráðstafanir með að leggja gjaldið til hliðar í sjóð fyrir uppbyggingu skóla, leikskóla eða íþróttamannvirkja. Þessi gjaldtaka leggst að stórum hluta á kaupendur fasteigna og hefur jafnframt haft áhrif á hækkun fasteignamats, sem



Arnar Freyr Ólafsson
Bæjarfulltrúi Framsóknar í Árborg
KOSNINGAR 2026

aftur hefur áhrif á útreikning fasteignagjalda. Þannig myndast víthringur hækkandi gjalda.

Við í Framsókn höfum ekki samþykkt fjármálaáætlanager meirihlutans undanfarin ár vegna þessarar stefnu. Við höfum ítrekað bent á að fólksfjölgun og hækkandi meðaltekjur með fjölgun íbúa myndu bæta rekstrarstöðuna til lengri tíma. Við það var skellt skollaeyrum og áfram skyldi haldið því tilgangurinn helgaði meðalið.

Markmiðið virðist hafa verið að ná fram jákvæðri niðurstöðu í rekstri með aukinni skattheimtu svo tryggja mætti endurkjör. En spurningin sem eftir stendur er einföld: Var það þess virði?

Úr skuldasöfnun í stöðugleika



Sveinn Egir Birgisson
2. sæti D-lista og formaður bæjarráðs Árborgar
KOSNINGAR 2026

úðu úr 12,3 milljörðum króna í 28,3 milljarða króna. Þar af fóru um 5 milljarðar króna í að fjármagna daglegan rekstur. Slíkt er einfaldlega ósjálfbært og óboðlegt. Á sama tímabili voru fasteignagjöld jafnframt hækkuð verulega, eða um 52%, sem sýnir að vandinn snerist ekki um tekjuskort einan og sér heldur fyrst og fremst um stjórnmeyli í rekstri.

Staðan alvarleg

Árið 2022 um leið og sjálfstæðismenn tóku við völdum var snúið við öllum steinum í umfangsmiklum hagræðingum og fækkun stöðugilda með það að markmiði að ná tókum á rekstrinum án þess að skerða grunnþjónustu. Allar þær aðgerðir dugðu þó því miður ekki til sem endurspegladist í þeirri staðreynd að nokkur mánaðarmót árið 2023 átti sveitarfélagið rétt svo fyrir launum en ekki öðrum rekstrarkostnaði, og ekkert lánsfjármagn í hendi.

Staðan var gríðarlega alvarleg. Þess vegna neyddist sveitarfélagið til að leggja aukaálág á útsvar árið 2024. Það var íþyngjandi neyðarárræði

fyrir íbúa sem lögðust þar með á áramnar með sveitarfélaginu á erfiðum tíma. Sú ákvörðun var okkur í meirihlutunum þungbær, en hún var nauðsynleg til að verja grunnþjónustu, tryggja áframhaldandi rekstur og koma í veg fyrir enn alvarlegri stöðu.

Árborg á réttri leið

Það þarf að segja hlutina eins og þeir eru. Núverandi meirihluti Sjálfstæðisflokksins stofnaði ekki til þess vanda sem við tókum við. Hann varð til vegna skuldassöfnunar og óráðsiu síðasta meirihluta Samfylkingar, Framsóknar og Viðreisnar sem hluti af Áfram Árborg.

Það sem núverandi meirihluti hefur gert er að horfast í augu við vandann, taka erfiðar ákvarðanir og stöðva skuldassöfnunina. Árangurinn er farinn að sjást. Fleiri íbúar standa nú að baki hverju stöðugildi, reksturinn er stöðugri og fasteignagjöld eru byrjuð að lækka.

Verkefninu er þó ekki lokið. D-listinn vill byggja Árborg upp á traustum grunni, bæta þjónustu og lækka álögur á íbúa og fyrirtæki. Framtíð Árborgar kallar á festu, ábyrgð og raunsæi.

Viltu hafa áhrif á almenningssamgöngur í Árnassýslu?

Háskólafélag Suðurlands og Samband sunnlenskra sveitarfélaga leggja nú fyrir íbúakönnun sem ætlað er að greina þarfir og kortleggja almenningssamgöngur í Árnassýslu.

Könnunin á að draga fram mismunandi þarfir íbúa með tilliti til aldursþópa, búsetu og þjónustusókn og skoða hvort hægt sé að samræma almenningssamgöngur með öðrum áætlunarakstri s.s sérakstri.

Þátttaka íbúa er gríðarlega mikilvæg og hvatt er alla íbúa frá 16 ára aldri að taka þátt.

Könnunin tekur um 5 – 8 mínútur og er órekanleg.



Skipulag Hringveggar (1) um Rangárþing eystra

Anna Runólfssdóttir skipar 3. sæti á N-lista í Rangárþingi eystra. Síðustu tvö kjörtímabil hefur hún verið aðalmaður í skipulagsnefnd og beitt sér fyrir umbótum í vegamálum þar sem því er við komið. Hún er verkfræðingur með sérhæfingu í skipulagi og vann í nokkur ár við vegahönnun.

Í dag eru um 95 km frá Norðlingaholti í Reykjavík að gatnamótum Hringveggar og Hlíðarveggar á Hvolsvelli. Þar af eru u.þ.b. 40 km orðnir að 2+1 vegi, eða nærri helmingur leiðarinnar. Nú er verið að vinna í að brúa Ölfusá og vonandi klárast kaflinn næst Reykjavík líka einhvern tímann. Fyrir um 25 árum var aðeins tvíbreiður vegur alla leið frá Reykjavík nema þar sem voru sérstakar klifurreinar. Það gætu því verið um 20-25 ár þangað til við sjáum 2+1 veg komast til okkar en vonandi mun það ganga hraðar fyrir sig.

Sunnlendingar eiga flestir reglulega leið til höfuðborgarinnar og sjá að í Ölfusinu er

talsvert net af hliðarvegum samhliða hringveginum. Þeir eru nauðsynlegur þáttur þess að byggja stærri veg, en það fylgir meiri umferð að gatnamót þurfa að vera veglegri og lengra á milli þeirra. Hliðarvegirnir sam-eina afleggjara og fækka þeim en þeir eru líka dýrir og því best að skipuleggja legu þeirra með löngum fyrirvara til að beina uppbyggingu sem mest að framtíðar gatnamótum við hringvegin.

Vegagerðin lét útbúa drög að 2+1 gerð hringveggarins austur að Jökulsá á Sólheimasandi fyrir hartnær 20 árum en síðan það var gert hefur umferðin aukist gríðarlega og margt einnig komið til í uppbyggingu byggðar og atvinnulífs á svæðinu sem breytir forsendum þeirrar hönnunar.

Það sem Anna stefnir að er að taka þessi frumdrög Vegagerðarinnar til sérstakrar endurskoðunar og koma þeim í næstu útgáfu aðalskipulags sveitarfélagsins. Tengingar við hringveginu eru í dag sem betur fer

reyndar frekar fáar þar sem dreifbýlið okkar er að mestu nú þegar við tengivegi eins og Fljótshlíðarveg og í Landeyjum. Einnig eru litlu bogarnir undir Eyjafjöllum ákaflega mikilvægir til að fækka tengingum.

A nokkrum stöðum liggur meira á við þessa vinnu. Það er mikil uppbygging hótela við Seljaland, auk frístundabyggða á sama svæði og verður nauðsynlegt að gera betri tengingu við hringveginu vegna þeirra

áður en langt um liður. Horfa þá á möguleika þess að taka Sandhólmavegin inn í þá tengingu í samráði við landeigendur á svæðinu.

Sveitarfélagið getur flýtt fyrir umbótum á vegum með því að hafa skipulag vegna þeirra tilbúið áður en fjármögnun fer af stað og þannig sýnt Alþingi og Vegagerð að það standi ekki á okkur að gera nauðsynlegar úrbætur.

Anna vill leggja sitt að mörk-



Anna Runólfssdóttir. Mynd: Aðsend.

um við að bæta umferðaröryggi í sveitarfélaginu til framtíðar og telur þetta verkefni vera lykilþátt til þess.

N-listinn í Rangárþingi eystra

Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg



Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt eftirfarandi tillaga að breytingu á aðalskipulagi Árborgar 2020-2036:

1. Mörk og Grænamörk - Íbúðarbyggð ÍB17 - Aðalskipulagsbreyting

Framlögð tillaga aðalskipulagsbreytingar tekur til breytingar á skilmálum fyrir íbúðarbyggð ÍB17 á Selfossi. Um er að ræða íbúðarbyggð sem afmarkast af Hörðuvöllum, Árvegi, Þórsmörk, Heiðmörk og Austurvegi. Í breytingunni felst breyting á skilmálum fyrir íbúðarbyggðina ÍB17. Heimilað er að fjölga íbúðum og þetta byggðina. Eftir breytingu verði eftirfarandi skilmálar í gildi er varða uppbyggingu innan svæðisins: Heimilt er að vera með byggingar á 1-4 hæðum og sambland af einbýlishúsum og fjölbýlishúsum. Á jarðhæð er heimilt að vera með íbúðir, verslun- og þjónustu og samfélagsþjónustu. Einkum starfsemi sem þjónar íbúum í nærumhverfi. Svæðið er ætlað fyrir 50 ára og eldri. Á lóðum við Heiðmörk og Þórsmörk er til framtíðar lítið gert ráð fyrir íbúðum fyrir 50 ára og eldri. Ef byggingar eru 4 hæðir þá skal efsta hæð vera inn-dregin. Hlíðar húsa sem eru lengri en 15 m skal brjóta upp með inn- eða útskoti, litavali eða á annan hátt. Heimilt er að vera með bílakjallara. Við útfærslu svæðis í deiliskipulagi skal miða við að auka sjálfbærni, bæta gæði umhverfisins með gróðri, leitast við að skapa skjólgóð svæði þar sem sólar nýtur og að aðkoma og aðgengi sé greitt. Ásamt því að skoða aðkomu, umferðarlæði fyrir alla og bílastæði.

Samkvæmt 41. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýstar eftirfarandi tillögur deiliskipulags/breytingar.

2. Dvergasteinar - Deiliskipulagsbreyting

Deiliskipulagsbreytingin tekur til götunnar Dvergasteina á Stokkseyri. Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir heimild fyrir raðhús á lóð Dvergasteina 1 og 3 þar sem áður var gert ráð fyrir einbýlishúsum. Samhliða er gert ráð fyrir að gatan verði að botnlanga. Engar aðrar breytingar eru gerðar á byggingaskilmálum annarra lóða deiliskipulagsins.

3. Fossnes - Sláturfélag Suðurlands - Deiliskipulag

Framlögð tillaga nýs deiliskipulags tekur til svæðis 12 innan aðalskiplags Árborgar. Skipulagsreitirinn nær til um 9,9 ha. lands sem nær yfir lóð Sláturfélags Suðurlands og svæði fyrir nýjan aðkomuveg. Lóð sláturhúss og afurðastöðvar er 9,6 ha. að stærð og er nú þegar byggð að hluta. Sláturfélagið hyggst byggja nýtt sláturhús/afurðastöð fyrir stórgripaslátrun, vestan við núverandi byggingar. Núverandi byggingarmagn á iðnaðarlóðinni skv. fasteignaskrá er um 4.565m² og er gert ráð fyrir að stækkunin geti orðið allt að 6.000 m² þar sem um 2000 - 2500 m² verða byggðir í fyrsta áfanga. Auk nýrra húsa er gert ráð fyrir endurnýjun á núverandi húsnæði sláturhússins.

4. Litla Sandvík - Deiliskipulag

Framlögð tillaga nýs deiliskipulags tekur til hluta úr landi Litlu Sandvíkur, landi 1. (L211951), sem staðsett er í dreifbýli í Sveitarfélaginu Árborg. Markmið skipulagsins er að gera ráð fyrir uppbyggingu íbúðarhúss, skemmu og smáhúsa ásamt nauðsynlegum innviðum. Skipulagssvæðið nær til um 48.000 m².

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til auglýsingar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is og á www.skipulagsgatt.is

Skipulagstillaga nr. 1 er í kynningu frá 30. apríl til og með 26. maí 2026.

Skipulagstillögur nr. 2-4 eru í auglýsingu frá 30. apríl til og með 15. júní 2026.

Athugasemdam og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdam og ábendingum skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67 á Selfossi, eða með tölvupósti á netfangið skipulag@arborg.is Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst,
Vigfús Þór Hróbjartsson
skipulagsfulltrúi

Menntun til framtíðar hefst í leik- og grunnskóla

Leik- og grunnskólar eru meðal mikilvægustu stöða hvers samfélags. Þar hefst menntaferð barna, þar mótast sjálfstraust þeirra, félagsfærni og framtíðarsýn. Þessi fyrstu skólaár skipta sköpum, ekki aðeins fyrir hvert barn heldur samfélagið allt.

Skólaganga barns er samfelld ferli þar sem leikskólinn leggur grunninn og grunnskólinn byggir ofan á hann. Því er mikilvægt að líta á þessi skólalag sem eina heild. Þau eru ekki aðeins staðir þar sem börn dvelja á daginn eða tileinka sér staðreyndir, heldur vettvangur þar sem þau læra að lifa og starfa með öðrum, takast á við áskoranir og verða virkir þátttakendur í samfélaginu.

Til þess að börn geti notið sín þarf skólaumhverfið að vera öruggt, hlýlegt og hvetjandi. Þegar barn finnur að það tilheyrir, að á það sé hlustað og að það skipti máli, skapast bestu forsendur fyrir nám og þroska.

Góður skóli er öflugt jöfnunartæki

Eitt mikilvægasta hlutverk skóla er að tryggja jöfn tækifæri sem gerir öllum börnum kleift að njóta hæfileika sinna, óháð efnahag, uppruna eða aðstæðum heima fyrir. Þar á hvert barn að fá tækifæri til að blómstra á sínum eigin forsendum.

Það eru kennarar og starfsfólk skólanna sem gera þetta mögulegt. Þeirra framlag er ómetanlegt. Metnaðarfullt starfsfólk sem fylgist með nýjungum, notar fjölbreyttar kennsluáferðir og hvetur nemandur til gagnrýnnar hugsunar skapar skóla þar sem börn fá að vaxa og dafna.



Ragna Ívarsdóttir
2. sætið á Ö-lista Betri sveitar í Grímsnes- og Grafningshreppi

KOSNINGAR 2026

Sveitarfélagið okkar er í vexti og því þarf að horfa fram á veginn. Fjölgun íbúa kallar á sterka og nútímalega innviði. Nú er tímabært að huga að byggingu nýs leikskóla og tryggja að grunnskólinn hafi svigrúm til að mæta framtíðinni. Það dugar ekki að bregðast við þegar vandinn er orðinn að veruleika. Við þurfum að skipuleggja framtíðina núna.

Við uppbyggingu skólamannvirkja skiptir máli að hlustað sé á þá sem þekkja starfið best. Kennarar og annað starfsfólk þurfa að koma að borðinu frá upphafi. Arkitektar og verkfræðingar hanna húsnæði, en þeir sem starfa í skólunum daglega vita hvernig best er að skapa gott námsumhverfi.

Sveitarfélag í fararbroddi

Grímsnes- og Grafningshreppur hefur alla burði til að vera í fararbroddi þegar kemur að menntun og þjónustu við barnafjölskyldur. Með skýrri framtíðarsýn, ábyrgri stjórnun og markvissri uppbyggingu getum við orðið fremstir meðal jafningja.

Öflugir leik- og grunnskólar eru ekki kostnaður heldur fjárfesting. Fjárfesting í börnum, fjölskyldum og framtíð samfélagsins. Þar hefst menntun til framtíðar.

Þess vegna býð ég mig fram fyrir Betri sveit – fyrir okkur öll.

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mánudaga kl. 11-14
Opíð hús

Þriðjudagar kl. 11-13
Upprekjur

Þriðjudagar kl. 14:-16
Unga fólkíð

Miðvikudagar kl. 11-14
Opíð hús

Fimmtudagar lokað
Viðburðir auglýstir sérstaklega á
Brossiðunni

Föstudagar kl. 11-13
Opíð hús

Fyrsta þriðjudag í mánuði
Karlahöpurinn Smárarnir kl. 18
Eyravegur 31, Selfossi

Sími 482 1022 og 788 0300
arnessysla@krabb.is
krabbameinsfelagarnessyslu.net

Facebook: Krabbameinsfélag
Árnassýslu/Brossið/Smáranir

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir - einn dagur í einu, alla laugardaga. Nýliðafundur hefst 9:30 og Al-Anon fundur strax að honum loknum klukkan 10:00.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl. 20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedziałek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla Bókasafn

Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi
1, Þorlákshöfn
Mánudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, neðri hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

AA fundir í Hveragerði í húsi
Rauða krossins. Mánamörk 1
Mánudaga Kl.18 - Konur
Fimmtudaga Kl.18 -
Sporafundur - Konur

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

Fjárheimar ehf.

Eyravegi 37, 2h - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta



BYGGÐA-RAF

LÖGGILTUR RAFVERKTAKI
Á SUÐURLANDI

Tómas Örn

Sími: 897 2027

tommisnorra@gmail.com



Við prentum
ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn
30. apríl kl. 13:00-14:30

OPIÐ HÚS

Fim. 30. apríl kl. 14:45

SAMSKIPTI
THEODÓR FRANCIS BIRGISSON

Kaffihlaðborð kvennfélagsins
verð 1.500 kr.

Fimm sunnlensk sveitarfélög neita íbúum um velferðarþjónustu án skýrrar lagaheimildar

Hvað þarf til þess að sveitarfélög ákveði að neita eigin íbúum um velferðarþjónustu?

„Stjórn samþykkir samhljóða að veita starfsmönnum byggðasamlagsins ekki heimild til að skipuleggja eða veita þjónustu til aðila sem eru með ótilgreint lögheimili. Forsendur fyrir þjónustu Skóla- og velferðarþjónustu Árneshrepps bs[SVÁ] er skráning lögheimilis í íbúðarhúsnæði.“

FUNDIR



KIRKJUR

Skálholtsdómkirkja

Guðsþjónusta verður í Skálholtsdómkirkju kl. 11:00 sunnudaginn 3. maí. Bergþóra Ragnarsdóttir djákni í Skálholtsprestakalli þjónar. Organisti er Jón Bjarnason. Verið öll hjartanlega velkomin.

Guðsþjónusta

Laugardaginn 2.maí
klukkan 11:00

Jón Hjörleifur leiðir biblíurannsókn og predikar. Barna og unglingsstarf á sama tíma. Safnaðarheimili Sjöundadags Aðventista Eyravegi 67 - Selfossi

Allir hjartanlega velkomin

Hveragerðiskirkja

Sunnudagur 3. maí kl. 11. Fermingarmessa í Hveragerðiskirkju. Kirkjukór Hveragerðis- og Kotstrandarsókna leiðir söng undir stjórn Miklós Dalmay. Séra Salvar Geir Guðgeirsson þjónar fyrir altari.

Hvítasunnukirkjan Selfossi

Austurvegi 40b
Samkoma á sunnudögum kl.11:00
English translation available.
Unglingasamkomur á fimmtudögum kl. 20:00
Allir innilega velkomin.

Selfosskirkja

Fermingarmessur laugardaginn 2. maí kl. 11:00 og 14:00 og sunnudaginn 3. maí kl. 11:00
Sunnudagaskólinn verður á baðstofu loftinu sunnudaginn 3. maí kl. 11:00.
Morgunbænir miðvikudag kl. 10:00 og foreldrasamvera kl. 11:00.

Á hvaða lagagrundvelli byggðist þessi samþykkt?

Eftirfarandi stjórnarmenn SVÁ samþykktu ofangreint samhljóða á fundi 24. september 2025:

- Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Flóahrepps, formaður
- Jón Bjarnason, oddviti Hrunamannahrepps
- Fjóla S. Kristinsdóttir, sveitarstjóri Grímsness- og Grafningshrepps
- Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsness- og Grafningshrepps
- Helgi Kjartansson, oddviti í Bláskógabyggð
- Haraldur Þór Jónsson, oddviti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi
- Sýlvía Karen Heimisdóttir, sveitarstjóri í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Ástæðan sem gefin var upp er sú að beidnum hafi fjölgað og að aukin krafa hafi komið fram um að velferðarþjónustan haldi utan um endurhæfingarlífeyri. Því miður voru viðbrögðin ekki þau að skoða hvernig mætti tryggja réttindi fólks eða bæta þjónustu. Þvert á móti samþykkti stjórnin samhljóða að starfsmenn skyldu hafna því að:

- staðfesta lögheimilisskráningu þar sem um er að ræða ótilgreint lögheimili
- staðfesta að einstaklingar með ótilgreint lögheimili búi einir
- vinna að endurhæfingaráttunum einstaklinga með ótilgreint lögheimili

Í einföldu máli var ákveðið að stjórnsýslan skyldi ekki sinna ákveðnum verkefnum fyrir fólk vegna þess hvernig lögheimili þeirra er skráð í þjóðskrá.

En hér gleymist grundvallaratriði: ótilgreint lögheimili er lögleg skráning samkvæmt íslenskum lögum. Hún er hluti af því kerfi sem löggjafinn hefur sjálfur sett upp þegar ekki er hægt, af ýmsum ástæðum, að skrá einstakling á tiltekið heimilisfang.

Ótilgreint lögheimili má ekki þýða ótilgreind réttindi

Þegar sveitarfélög byrja að mismuna íbúum sínum eftir tegund lögheimilis sem lögin sjálf heimila er farið út á varhuga-verða braut. Margt bendir til þess að stjórn SVÁ hafi farið út fyrir valdheimildir sínar.

Ein af þeim aðgerðum sem starfsmönnum var bannað að vinna að eru endurhæfingaráttanir, sem eru oft forsenda þess að einstaklingur geti fengið endurhæfingarlífeyri frá Tryggingastofnun.

Þetta er ekki formsatriði, þetta snýst um aðgang að tekjum.

Það að sveitarfélag ákveði að slík vinna fari ekki fram fyrir



ákveðinn hóp íbúa er það í reynd að loka á möguleika þeirra til framfærslu. Þetta er ákvörðun sem getur þannig haft bein áhrif á lífsviðurværi fólks.

Þegar einstaklingur býr í sveitarfélagi og greiðir þar útsvar er erfitt að sjá hvernig hægt er að réttlæta að viðkomandi sé útilokaður frá stjórnsýslu eða þjónustu vegna formsatriða í skráningu lögheimilis.

Á fundi stjórnar SVÁ 11. febrúar 2026 var þessari framkvæmd breytt að hluta og samþykkt að börn og ungmenni undir 18 ára aldri skyldu fá þjónustu óháð búsetuformi þeirra. Hins vegar var jafnframt ákveðið að þjónusta til annarra einstaklinga með ótilgreint lögheimili væri háð samþykki viðkomandi sveitarfélags.

Þá vaknar einföld spurning: af hverju taldi stjórnin í lagi að útiloka fullorðna íbúa frá þessari þjónustu til að byrja með?

Búsetufrelsi, samtök fólks með fasta búsetu í heilsárs-húsi í Grímsnes- og Grafningshreppi sendi í mars sl. inn beiðni um lögmætisathugun til innviðaráðuneytis vegna þessarar samþykktar SVÁ. Erindi samtakanna fellur undir eftirlitshlutverk ráðuneytisins. Slík mál eru tekin til skoðunar þegar tilefni er til.

Stjórn SVÁ brást við kvörtun Búsetufrelsis til innviðaráðuneytisins og benti á að erindið sé ekki stjórnsýslukæra og að óvist sé hvort ráðuneytið taki málið til skoðunar. Það breytir þó engu um kjarna málsins.

Það sem vekur mesta athygli er að í þessum viðbrögðum er ekki vísað til neinnar lagaheimildar fyrir ákvörðuninni.

Þessi stað er reynt að þrengja hana eftir á og tengja við fólk sem „kys að dvelja í frístundahúsum“. Það breytir þó ekki því sem stendur í fundargerðinni: að ákveðinn hópur íbúa skyldi ekki njóta þjónustu.

Ög sú staða er í raun enn við lýði, þar sem þjónusta til fullorðinna er háð samþykki sveitarfélaga.

Í álitum Umboðsmanns Alþingis hefur verið bent á að sveitarfélög geti ekki með almennum reglum útilokað hópa íbúa frá meðferð mála eða þjónustu nema skýr lagaheimild sé fyrir því.

Þess vegna stendur spurningin enn: Hvar er lagaheimildin?

Ef hún er ekki til, þá er þetta ekki bara umdeild ákvörðun heldur ólögmæt stjórnsýsla.

Stjórn Búsetufrelsis

Guðrún Margrét Njálisdóttir
Steinþór Hreinsson
Þróstur Sværissón

Þjónustumiðstöð 60+ í Hveragerði – Umbætur og uppbygging í málefnum eldri borgara í Hveragerði

Hveragerðisbær hefur hlöngum verið þekktur fyrir gæðin sem felast í því að eyða hér sínum efri árum. Öflug og metnaðarfull öldrunarþjónusta er eitt af einkennum bæjarins, sem við erum einkar stolt af.

Það er markmið Okkar Hveragerðis að auka enn frekar gæði efri árána í Hveragerði og á kjörtímabilinu hefur verið unnið markvisst að því að bæta umgjörð og þjónustu fyrir eldri íbúa bæjarins. Hveragerðisbær tekur m.a. þátt í þróunarverkefninu Gott að eldast með það að markmiði að samþætta félags- og heilbrigðisþjónustu fyrir eldra fólk ásamt því að mótuð hefur verið metnaðarfull stefna í málefnum eldri borgara í Hveragerði þar sem m.a. er sett fram það markmið að fjölga húsnæðiskostum og koma upp þjónustumiðstöð fyrir íbúa 60 ára og eldri.

Fjölgun húsnæðiskosta og þjónustumiðstöð fyrir 60+

Í viðræðum Hveragerðisbæjar á kjörtímabilinu vegna uppbyggingarverkefna innan bæjarfélagsins hefur þessum sjónarmiðum verið haldið stöðugt á lofti, og ýmsir möguleikar skoðaðir. Þar á meðal má nefna uppbyggingu á reit, í



Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir
2. sæti á lista Okkar Hveragerðis

KOSNINGAR 2026



Anna Jörunn Stefánsdóttir
12. sæti á lista Okkar Hveragerðis

KOSNINGAR 2026

nálægð við alla helstu þjónustu, sem er nú á lokastigum í deiliskipulagsvinnu, þar sem koma á upp gæðaríki byggð í nálægð við náttúruna fyrir eldri aldurs hópa. Einnig hefur á kjörtímabilinu komið í sölu fyrsti áfangi íbúa í nýju hverfi í Lindarbrún með þjónustusamningum við Heilsustofnun NLFÍ. Einnig má nefna að í byggingu er glæsileg ný 18 rúma viðbygging við hjúkrunarheimilið Ás ásamt endurbótum á eldri hjúkrunarýmum og breytingu tvíbýla yfir í einbýli.

Bæjarstjórn hefur átt í góðu samtali við Félag eldri borgara í Hveragerði um uppbyggingu þjónustumiðstöðvar fyrir 60+ og kom sl. vetur á fót undirbúningshóp vegna þessa þar sem sæti eiga fulltrúar eldri borgara, kjórnir fulltrúar og starfsmenn bæjarins. Hópurinn hefur nú skilað skýrslu til bæjarstjórnar með forsendum fyrir þjónustu-

kjarna, tillögum að staðarvali auk þarfagreiningar á starfsemi hans og hlutverki. Það er áberandi kraftur í starfi eldri borgara í Hveragerði og afrakstur vinnu starfshópsins ber þess augljós merki. Skýrslan er afar mikilvægur grunnur til að byggja á í áframhaldandi undirbúningi verkefnisins. Skýrslan verður tekin fyrir á bæjarstjórnarfundum nú í framhaldinu og fyrirhugað er að verkefnið verði skreifað áfram með hliðsjón af niðurstöðunum með það að markmiði að í Hveragerði risi glæsilegur nýr þjónustukjarni til eflingar þjónustu við eldri íbúa.

Gæðasamfélag fyrir allan aldur

Okkar Hveragerði leggur ríka áherslu á gæðaríkt samfélag fyrir allan aldur þar sem fjölskyldan, frá yngstu meðlimum til þeirra elstu, geti notið þess sem lífið hefur uppi að bjóða til fulls. Hveragerði - bær í blóma!

Pólitísk afglöp í Hveragerði

Ísveitarstjórnarkosningunum framundan birta flokkarnir lista yfir afrek sín á kjörtímabilinu, og hvað þeir munu gera næst, fái þeir stuðning kjósenda. Listar um afglöpin eða það sem þeir ætluðu að gera, en gerðu ekki, eru ekki birtir, né ætlunin að ræða þau. Núverandi bæjarstjórn er ekki saklaus í þeim efnum og góð dæmi um slíkt eru Hamarshöllin “sáluga” og Aðalskipulag Hveragerðis.

Rétt áður en kosið var til sveitarstjórnar fyrir 4 árum rífnaði Hamarshöllin og loftfyllta yfirbyggingin féll saman. Ekki var komið að endurnýjunartímnum, sem talinn var 40+ ár. Því hafa mannleg mistök átt sér stað, og þess ekki gætt að koma í veg fyrir, eða laga skemmdir sem leiddu til ólánsins. Erlendis þarf oft að girða uppblásinn íþróttahús til að komast hjá skemmdarverkum. Ekki var talin þörf á því hér í Hveragerði.

Okkar Hveragerði (O) hafði ávallt verið á móti byggingunni og bar fyrir sig ódýrt stálgrindarhús til samanburðar. Það kom í hlut nýja meirihlutans í bæjarstjórn eftir kosningar að taka endanlega ákvörðun um örlög Hamarshallarinnar. Fyrri bæjarstjórn Sjálfstæðisflokksins (D) hafði áformað að endurreisa loftfylltu yfirbygginguna, annað hvort með viðgerð eða endurnýjun, enda allt nema hjúpurinn í góðu lagi að sagt var. Þetta var raunhæfur kostur því hjúpurinn var tryggður, og biðtíminn eftir

nýjum hjúp aðeins um 6 mánuðir. Nýji bæjarmerihlutinn, Okkar Hveragerði (O) og Framsókn (B) vildi ekki endurreisa “belginn” sem kallaður var. Þeir höfðu talað svo illa um “belginn” að pólitískt gátu þeir ekki endurreist hann, þótt það væri það skynsamlegasta í stöðunni. Hér var því um slæma pólitíska áhvörðun að ræða, hvorki fjárhagsleg né skynsamleg, á ábyrgð meirihluta bæjarstjórnar.

Hamarshöllin var mjög vinsæl fyrir unga, en ekki síður fyrir eldri borgara. Göngur, minigolf, líkamsæfingar, stólaeikfimi o.m.m.fl., sumt á sama tíma og boltaæfingar, allt innanhúss í vari fyrir veðri og vindum. Undirritaður sótti Hamarshöllina reglulega og var mjög ánægður með þau tækifæri sem buðust með henni. Ekki var annað að heyra en að allir, sem nýttu Hamarshöllina, væru mjög ánægðir með hana. Honum þótti því furðulegt þegar sumir heimamenn virtust gleðjast þegar yfirbyggingin féll saman.

Spölkorn frá Hamarshöllinni er nú verið að ljúka framkvæmdum á nýjum íþróttarvelli, upphitunum og með gervigrasi. Háar vindmanir eru ætlaðar til varnar vindstrengjum úr norðri. Svona manir virka ekki nema með miklum trjágróðri og/eda runnum, sem dregur úr vindinum, manirnar einar og sér gera það ekki. Ef engin er fyrirstaða, slær vindinum aftur beint niður hlémegin, og í hvirflum. Með

upphitunni væri unnt að spila á vellingum að vetrarlagi, en snjó-koma og niðursláttur vindsins gæti samt gert slíkt illviðráðanlegt. Þessi völlu er sá þriðji á svæðinu, nema ef búið er að eyðileggja völlu sem var í Hamarshöllinni. Hver var þörfin fyrir þessum nýja velli? Það voru tveir vellar fyrir á staðnum! Það hefði verið ódýrast og best að endurreisa hjúpin, eða breyta fyrsta vellingum í upphitadun gervigrasvöll. Það er brúð að vera með tvo eða þrjá velli á sama stað.

Í stað Hamarshallarinnar er nú verið að byggja nýtt íþróttahús við hlið íþróttahús grunnskólans. Þar er komin stór hola, sem mun verða kjallari undir nýju gólfplötunni. Hér er um að ræða nýtt “alvöru” íþróttahús, ekki ódýra stálgrindarhúsið sem kynnt var fyrir síðustu kosningar. Kostnaðurinn verður mjög mikill, líklega vel yfir milljarð í krónum talið. Bæjarbúar þurfa að bíða allt næsta kjörtímabilið eða lengur áður en nýja íþróttahúsið kemst endanlega í notkun. Frammistaða núverandi bæjarstjórnar í íþróttamálum er ekki til að hreykja sig af.

Nýja Aðalskipulagið eru svo annað dæmi um afglöp bæjarstjórnar, og þar hafa Okkar Hveragerði (O) og Framsókn (B) líka stjórnað ferðinni. Þau afglöp eru mjög stór og ekki fullrædd enn. Sjáum hvað setur þegar ný bæjarstjórn tekur við taumunum.

Róbert Pétursson, Álfahvammi.

Notendavæn Árborg

Af hverju höfum við vanist því að hugsa um sveitarfélagið sem flókið kerfi sem fólk þarf að rata í gegnum? Það er röng nálgun.

Öll kerfi á að hanna út frá notandanum. Áður en fyrsta ákvörðun er tekin er gott að hafa íslenskt orðatiltæki bak við eyrað: Í upphafi skal endinn skoða. Alveg sama hvort verið er að hanna verkferla, kerfi eða þjónustu. Fyrsta spurning: hver á að nota þetta? Næsta skref: Tölum við þau. Þannig eru góð kerfi hönnuð. Út frá raunverulegum þörfum þeirra sem eiga að nota þau.

Ég þekki þetta á eigin skinni. Ég á drengi í Vallaskóla og hef ítrekað reynt að skrá þá úr ávöxtum og mjólk þar sem þeir þiggja hvorugt. Ég hef harkað mig í gegnum mína Árborg og meira að segja tekist að af haka úr þessari þjónustu en reikningurinn heldur áfram að berast. Ég hef horft á þetta þannig, þar sem ég er einn helsti stuðningsmaður Árborgar, að þetta sé mitt auka, auka framlag til að reyna að styrkja rekstur sveitarfélagsins.

Maður heyrir af starfsmönnum sveitarfélagsins hlaupa á milli stofnana á hverjum einasta degi vegna þess að innri kerfin tala ekki saman. Þetta er eins og að ganga með stein í skónum, óþægilegt, en í stað þess að stoppa og laga vandann er bara haldið áfram,



Árni Magnússon
5. sæti á lista Samfylkingar og óháðra í Árborg

KOSNINGAR 2026

því þetta hefur alltaf verið svona.

Ef þetta væri einkarekstur væri þetta talið alltof dýrt, þetta væri óásættanlegt. Fyrirtæki hafa byggt þjónustu sína upp með notandann í forgrunni, því annars fer viðskiptavinurinn annað. Þar eru verkferlar einfaldaðir, bæði fyrir viðskiptavini og starfsfólk, og ávinningurinn er minni sóun á tíma starfsmanna á sama tíma og boðið er uppi betri þjónustu. Af hverju ætti það að vera óðrúvísi hjá sveitarfélögum?

Kerfið þarf einnig að virka fyrir þau sem lifa við hindranir í daglegu lífi. Ef þjónustan er flókin fyrir fatlað fólk, eldri íbúa, börn, eða aðra íbúa þá er vandinn ekki hjá notandanum, heldur kerfinu og þegar það gerist er nauðsynlegt að hafa möguleika á að fá aðstoð frá starfsmanni. Kerfi geta brugðist og þá er óboðlegt að þjónustan sé óvirk.

Notendavæn Árborg er þjónusta sem virkar fyrir íbúa í öllum kjörnum sveitarfélagsins.

Þar sem kerfið aðlagar sig að notendum. Ekki öflugt.



DÝRAGARÐUR

Í dýragarði stjórnmalanna eru næstum öll dýr frá asna til úlfs —

aðeins ugluna vantar sem sér í myrkri.

Albert Janetschek, Austrriki 1925-1997

Þór Stefánsson þýddi.
Málverk eftir Patriziu Ambrosini, Ítalíu

Endurmenntun atvinnubílstjóra
Akstursþjálfun - Meirapróf



okuland.is

ÖKULAND



PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS



FÁÐU TILBOÐ
Í PINN PALL

899 0979 848 0964
ÖRN GÍSLI

WWW.SOLPALLUR.IS



SÓLPALLUR
Fagmennska · Gæði · Áreiðanleiki



LAGNIR

ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002

800lagnir@800lagnir.is



ÁREIÐANLEGIR
PÍPULAGNINGAVERKTAKAR

Sími 769 0001 (Halli) - 800 Selfossi
lagnaland@lagnaland.is

LAGNALAND EHF.



Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Far sem
fagmennirnir vinna



Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS



STÍFLULOSANIR

LAGNAMYNDUN - ÁSTANDSSKODANIR

SÓNUM ÚT LAGNIR

LAGNAFÓÐRUN

ROTÞRÆR

FITUGILDRUR

SANDGILDRUR

SKÓLPHREINSISTÖÐVAR

HOLRÆSAHREINSUN

510 1180 - 669 8441

ARATUGA REYNSLA
OG SÉRÞEKKING
Á FRÁVEITUMÁLUM



Pípulagnir Júlla

Persónuleg þjónusta

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@bnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnþjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311

Skrifstofa Þjónustusími



VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Sprettur
ÁBURÐUR



Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

SAGTÆKNI EHF



GÆÐI
PEKING
ÞJÓNUSTA

STEYPUSÖGUN
KJARNABORUN
MÚRBROT

sími 567 4262
sagtaekni@sagtaekni.is · www.sagtaekni.is

LÖGGILTUR

HÚSAMÍÐAMEISTARI

NÝSMÍÐI · VIÐHALD · BREYTINGAR

KARL S:692-2575

800SMIDI@GMAIL.COM



S: 692-2575

800 SMÍÐI EHF.



Stíflupjónusta
Sævars Selfossi

Sími: 861 1919

stifla.selfoss@gmail.com

YFIR
20 ÁRA
REYNSLA

Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir



Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is



Vinnuvélanámskeið
á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is